

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?

Misserisverkefni fjarnema í viðskiptafræði til BS prófs veturinn 2006 - 2007





Staðfesting um misserisverkefni

Í lok hvers misseris vinna nemendur Háskólans á Bifröst umfangsmikið verkefni, svokallað misserisverkefni, í tengslum við aðila í atvinnulífinu, til að hagnýta þá þekkingu og þjálfun sem þeir hafa öðlast í námi sínu.

Misserisverkefni er sjálfstætt hópverkefni og ákveður hver nemendahópur viðfangsefni sitt.

Misserisverkefni er unnið samkvæmt ákveðnum leiðbeiningum og reglum og því er ætlað að standast kröfur Háskólans.

Háskólinn á Bifröst þakkar öllum þeim sem greiða götu nemenda við undirbúning og vinnslu verkefna og vonar að hvert verkefni sé skerfur til úrbóta og framþróunar fyrir alla þá sem málið varðar hverju sinni.

Kennarar við Háskólann á Bifröst hafa fjallað um lokaverkefnið og metið það samkvæmt reglum deildanna.

Titill verkefnis:

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðins?

Reykjavík 7. júní 2007

Einkunn_____

Deildarforseti viðskiptadeildar

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



Hver eru hagræn áhrif myndlistarlána á aðila myndlistarmarkaðinn?

Misserisverkefni fjarnema í viðskiptafræði til BS prófs veturinn 2006-2007



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Höfundur myndar á forsiðu: Guðrún Öyahals

Nemendur í misserishóp þrjú
Áslaug Heiðarsdóttir
Helgi Bogason
Jóhann Ágúst Hansen
Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



Ágrip

Í skýrslu þessari er að finna útreikninga hagrænna áhrifa íslenskra myndlistarlána á myndlistarmarkaði. Einnig er fjallað um listaverkamarkaðinn í heild sinni, upphaf og umfang listaverkalána og stuðning þeirra við menningu.

Leitast er við að svara rannsóknarspurningunni: *Hver eru hagræn áhrif myndlistarlána á aðila myndlistarmarkaðinn?*

Heimildum var safnað víðsvegar að, hluta af þeim skráðar í excel forrit til úrvinnslu og aðrar túlkaðar í skrifuðu máli. Að lokum voru niðurstöður dregnar saman og rannsóknarspurningunni svarað.



Yfirlýsing höfunda

Undirritaðir, nemendur fjarnáms viðskiptadeildar Háskólans á Bifröst, unnu skýrsluna á vormisseri 2007. Markmið verkefnisins var að kanna hver væru hagræn áhrif myndlistarlána á myndlistarmarkaðinn.

Höfundar vilja koma á framfæri þakklæti til allra sem aðstoðuðu þá á einn eða annan hátt við gerð skýrslunnar. Sérstakar þakkir fá , Margrét Tryggvadóttir bókmenntafræðingur , Tryggvi Páll Friðriksson listmunasali, Guðrún Öyehals, Elínbjört Jónsdóttir listmunasali, Daði Guðbjörnsson listamaður og Vilhjálmur Bjarnason hagfræðingur.

Við undirrituð höfum unnið misserisverkefni þetta í samvinnu og er framlag hvers og eins jafnmikið. Verkefni þetta er að öllu leyti okkar eigið verk og skilmerkilega er vísað til heimilda þar sem vitnað er til verka annarra. Í því efni höfum við fylgt reglum skólans eftir bestu getu.

Reykjavík 7. júní 2007

Áslaug Heiðarsdóttir

Helgi Bogason

Jóhann Ágúst Hansen

Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Inngangur	2
2. Aðferðafræði	4
3. Fræðileg umfjöllun	5
3.1. Hringrás vöru og þjónustu	5
3.2. Framboð og eftirspurn	6
3.3. Áhrif á kaupendur	9
3.4. Áhrif á listamenn og gallerí	10
3.5. Áhrif á bankastofnanir	12
3.6. Áhrif á sveitarfélögin (hið opinbera)	12
4. Listaverkamarkaðurinn	14
4.1 Verðmyndun listaverka	14
4.2 Listmunasalar – umboðsmenn listamanna	16
4.3. Óhefðbundnir sölustaðir	18
4.4. Uppboðsmarkaðurinn	18
4.5. Fölsunarmálið	20
4.6. Höfundarréttur	21
4.7. Hve þungt vegur hlutur menningar í hagkerfinu?	22
5. Upphaf listaverkalána	24
5.1. Artótek – Listhlaða í Borgarbókasafni	24
5.2. Samningur um myndlistarlán	25
6. Stuðningur við menningu	28
6.1. Stuðningur einkaaðila	29
7. Umfang myndlistarlána	30
8. Niðurstöður	32
9. Heimildarskrá	33
9.1. Ritaðar heimildir	33
9.2. Vefheimildir	34
9.3. Tímaritsgreinar	35
9.4. Lög og reglugerðir	35



1. Inngangur

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins er viðfangsefni þessar skýrslu. Vaxtalaus lán til listaverkakaupa hafa verið boðin almenningi í þrjú ár hér á landi. Slík lán eru til þess ætluð að örva sölu á samtímalist og styrkja aðila listaverkamarkaðarins að sögn þeirra er að þeim standa. Fimm aðilar koma að þessum lánnum, lántakandi, sveitarfélag, banki, gallerí og listamaður. Lánin eru einungis boðin í galleríum og ætluð einstaklingum til kaupa á listaverkum sem eru í frumsölu og höfundur þess er á lífi. Óformlegt mat þeirra er starfa á listaverkamarkaði er að lán sem þessi hafi komið öllum til góða og eftt markaðinn til muna. Skýrsluhöfundar leitast við að svara rannsóknarspurningunni:

„Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?“

Eftirfarandi markmið voru sett við vinnslu verkefnisins:

- Að skoða hagræn áhrif hjá lántakendum eða kaupendum með tilliti annara fjárfestingarmöguleika.
- Athuga áhrif myndlistarlánanna á sveitarfélög.
- Áhrif á bankastofnanir sem að málinu koma.
- Hagræn áhrif gallería og listamanna.
- Að öðlast þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum með öflun, meðferð og úrvinnslu heimilda.
- Að skýrsluhöfundar kynni sér á sem raunhæfastan hátt námsefnið í rekstrarhagfræði og auðgi þekkingu sína í þeim fræðum.

Skýrslan er byggð upp á þann hátt að fyrst er fjallað um aðferðafræði sem notuð var við vinnslu skýrslunnar. Þá er listaverkamarkaðurinn skoðaður í heild sinni og sagt frá hver tilurð listaverkalána er hér á landi, skoðaður er stuðningur við menningu og umfang myndlistarlána. Í framhaldi af því er fræðileg umfjöllun sett fram og niðurstöður kynntar.

Skýrslan er afmörkuð á þann hátt að höfundar notuðu eingöngu gögn frá þeim bankastofnunum sem að lánunum hafa komið og gögnum frá Galleríi Fold.

Höfundar telja það annmarka á skýrslunni að fyrirbyggjandi gögn ná ekki yfir lengra tímabil en raun er.



Settar hafa verið fram margar greinar og mörg skýrslan litið dagsins ljós þar sem gildi menningar er skoðuð og metin fyrir land og þjóð. Reynt hefur verið að svara þeirri spurningu hver sé ávinningur af góðu menningar- og listalífi. Almennt er það talið viðurkennt að aðgerðir sem auka og efla menningarlega starfsemi hafi í för með sér hagvaxtaraukningu og geri lífkjör þjóðar betri á margan hátt.

Verður það að teljast áhugavert og fræðandi að sjá hvað þetta sértæka framtak, listaverkalánin vaxtalaus, hafa á þá aðila sem að þeim standa svo og á þjóðfélagið í heild sinni. Hvers vegna skyldu þeir aðilar sem að þessum lánnum koma vera tilbúnir að veita ríkulegan afslátt eða eftirgjöf að hluta vætanlegra tekna sinna. Er það gert með því hugarfari að breiða út menningar- og listaboðskap, eflingar andlegu lífi eða er það vegna fjárhagslegs ávinnings með tíð og tíma?

Það vekur athygli höfunda að umfang gallerímarkaðarins er ekki meira en fram kemur í rannsókninni að meðaltals tekjur markaðarins í heild eru ekki nema kr. 695.700.251,- á ársgrundvelli.



2. Aðferðafræði

Mynd 1¹

Undirbúningur fyrir skýrslu sem þessa er mikill en gagnasöfnun, úrvinnsla þeirra og túlkun er stærsti þáttur verkefnisins. Eftir að höfundar höfðu ákveðið viðfangsefnið og gert rannsóknaráætlun tók gagn-öflunin við og svo skráning þeirra.

Gögn um myndlistarlánin voru fengin frá bönkum og Gallerí Fold, þau sett í Excel[®] og listuð upp í Pivot töflur til frekari úrvinnslu. Fundin var hlutdeild Galleris Foldar í útlánunum og það hlutfall notað við að meta umfang gallerímarkaðsins í heild. Skýrsluhöfundar gefa sér þá forsendu að sama hlutfall sé á gallerímarkaði eins og við skiptingu lána.

Þá voru gögn um sölu 17 listamanna, sem valdir voru af handahófi, fengin frá Gallerí Fold og þeim skipt upp í fjögur tímabil. Tvö þeirra spönnuðu tímabil þar sem lán voru í boði og tvö tímabil þar sem lánaveitingar lágu niðri. Höfundar ákváðu að keyra línulega aðhvarfsgreiningu á þessi gögn, til að athuga hvort framboð á lánunum til myndlistarkaupa hefðu áhrif á sölu listaverka. Einnig voru bornir saman möguleikar til að ráðstafa ákveðinni peningaupphæð til listaverkakaupa. Gert var ráð fyrir því að kaupandi ætti þessa ákveðnu upphæð og valkostir hans væru þá að staðgreiða verkið, að taka myndlistarlán fyrir verkinu og láta inneignina borga afborganir lánsins. Staðlaðir vaxtaútreikningar og núvirðisreikningur voru notaðir við þessa útreikninga.




¹ Kotler, P. (2003). *Marketing Management*. New Jersey; Pearson Education.

3. Fræðileg umfjöllun

Hagfræðin fjallar um það hvernig hægt sé að ráðstafa þeim auðlindum sem til eru á sem hagkvæmastan hátt. Svo er auðlindunum aftur ráðstafað innan hvers samfélags og eru þar mismundandi búskaparlög sem ráða, eins og tilskipanahagkerfi, blandað hagkerfi og markaðsbúskapur.²

3.1. Hringrás vöru og þjónustu

Mynd 9



Á mynd 9 má sjá markað fyrir vöru og þjónustu. Listamenn framleiða listaverk með mismunandi framleiðsluþáttum eins og vinnuafli, tækjum o.fl. sem heimilin svo neyta. Neytendur og listamenn starfa á tvenns konar mörkuðum. Á markaði fyrir vörur og þjónustu eru heimilin kaupendur og listamenn seljendur, þ.e. neytendur kaupa vörur frá listamönnum. Á markaði fyrir framleiðsluþætti eru heimilin seljendur og listamenn kaupendur, þar sem að heimilin veita listamönnum það sem þarf til að búa til listaverkin, s.s. vinnuaflið. Hringrásarlíkanið sýnir viðskipti á milli listamanna og kaupenda eða neytenda á markaði.

Innri hringurinn í líkaninu sýnir flæði listaverka milli neytenda og listamanna.

Framleiðsluþættirnir fara frá neytendum til listamanna og listaverk fara frá listamönnum til

² Makinw G. (2006). *Economics*. Bls 65-81.



neytenda. Ytri hringurinn sýnir svo aftur flæði peninga, það er neytendur kaupa listaverk af listamönnum og tekjur berast frá listamönnum, t.d. í formi launa.

3.2. Framboð og eftirspurn

Hugtökin framboð og eftirspurn eru þau hugtök sem hagfræðingar nota hvað oftast. Lögmál framboðs og eftirspurnar ákveður hve mikið magn er framleitt og á hvaða verði. Lögmál þessi eru í raun forsenda markaðshagkerfisins þar sem eftirspurn ræðst af kaupendum og framboð af seljendum.

Eftirspurnarfallið ræðst af notagildi vöru og aukið notagildi sést með aukinni eftirspurn.

Aukin eftirspurn ræðst svo af þörfum neytenda sem geta tekið breytingum með tímanum.

Eftirspurnarfallið sýnir því að öllu jöfnu hvernig eftirspurn minnkar þegar vöruverð hækkar og öfugt. Það er fall margra áhrifaþátta s.s. verð, tekjur, verð tengdra vara, smekkur, væntingar og fleira.

Verðbreytingar orsaka færslu eftir ferlunum en allir aðrir áhrifaþættir hliðra honum.

Hærra verð vöru minnkar að öðru jöfnu eftirspurt magn vöru og breytingar á öðrum þáttum orsaka færslu eftir ferlinum.

Framboð er það magn gæða sem seljendur eru reiðubúnir að selja á ákveðnu verði.

Lögmál framboðs sýnir að öllu öðru jöfnu hvernig framboð eykst þegar verð gæða hækkar.

Það er fall af ólíkum áhrifaþáttum s.s. verði, verði á aðföngum, tíma, tækniþróun og væntingum og fleira.

Jaðarkostnaður er annað lykilhugtak í hagfræði en hann, ásamt verði á framleiðslu, ákvarða hversu mikið einstaka fyrirtæki eða einstaklingur framleiðir

af vöru eða þjónustu. Jaðarkostnaður er sá kostnaður sem fellur til við það að

auka framleiðsluna um eina einingu. Fyrirtæki hámarkar hagnað með því að miða

framleitt magn við það að jaðarkostnaður sé sá sami og það verð sem fæst fyrir

hverja framleidda einingu.³

Jaðarkostnaður við framleiðslu á listaverki er mjög mikilvæg breyta hjá listamönnum. Hann getur verið mjög mismunandi eftir því hvernig listviðburð eða listaverk er framleitt.

Jaðarkostnaður þess að framleiða einn tónlistardisk í viðbót er afar lítill en jaðarkostnaður við

að framleiða einn stóran skúlptúr í viðbót getur verið mjög mikill. Umföng listaverka hefur

einnig áhrif á kostnað við gerð þess og þá um leið á verðið. Því stærri sem verkin eru því

erfiðara getur verið að selja þau þar sem rými listaverkasafnara og listaverkasala er

³ Sótt á vef M5 þann 29. maí 2007 <http://www.m5.is/?gluggi=frodleikur&innrigluggi=skilgreiningar#V>.



takmarkað. Auglýsingar gallería geta aukið eftirspurn og kostnað við framleiðsluna. Þá geta háar væntingar um framtíðarverð leitt til aukinnar framleiðslu. Lögmálið um framboð segir okkur að öllum öðrum þáttum óbreyttum eykst framboð á vörum þegar verð hækkar⁴. Slíkt á einnig við um listaverk. Hægt er að skilgreina framboðið sem fall af verði á eftirfarandi hátt:

$$Q_s = f(P)$$

Þar sem Q_s er magn og P er verð.

Markaðsjafnvægi kallast það þegar framboð er jafnt eftirspurn. Verð fyrir ofan jafnvægi leiðir til offramboðs og verð fyrir neðan jafnvægi leiðir til skorts.⁵

Myndlist er varanleg neysluvara⁶ og neytendur hennar reyna að hámarka gæði sín af vörunni og sem slík lýtur myndlist lögmálinu um fallandi jaðarafköst.


Hægt er að gefa smekk neytandans til kynna með jafngildislínu eins og sjá má á Mynd 10 í hvernig hlutföllum hann er tilbúinn að skipta á einni vöru fyrir aðra til að hámarka gæði sín eða svo kallaða jaðarstaðkvæmd⁷.

Jaðarstaðkvæmd er hægt að skrifa á eftirfarandi hátt:

$$\frac{MU_x}{P_x} = \frac{MU_y}{P_y} = \dots = \frac{MU_n}{P_n}$$

Þar sem MU er jaðarneytjar vöru og P er verð. X og Y eru mismunandi vörur, listaverk, sem einstaklingar njóta. Helstu áhrifavalda á

eftirspurn listaverka eru tekjur væntanlegra kaupenda, smekkur, verð á staðkvæmdarvörum og ávöxtun annarra fjárfestingakosta.⁸ Þegar tekið er tillit til þeirra áhrifavalda sem ákvarða eftirspurn er hægt að skrifa eftirspurnarfall á eftirfarandi hátt:



⁴ Makinw, N.G. og Taylor, M.P. (2006). *Economics*. Bls 71.

⁵ Makinw, N.G. og Taylor, M.P. (2006). Bls 74.

⁶ Vilhjálmur Bjarnason, munnleg heimild.

⁷ Makinw, N.G. og Taylor, M.P. (2006). Bls 422.

⁸ Heilbrun, J. og Grey, C.M. (2001). Bls 61-65.



$$Q_t = a + bP_t + cY + dP_s + eP_c$$

þar sem:

Q_t = Magn listaverka sem eftirspurn er eftir á hverjum tíma.

P_t = Verð listaverka.

Y = Meðaltals tekjur á íbúa.

P_s = Vegið meðaltalsverð á staðkvæmdavörum.

P_c = Samsett verð stuðningsvara.

a = Fasti.

b, c, d, e = stuðull sem mælir breytingu á háðu breytunni (Q_t) með tilliti til breytingar á hverri einingu óháðu breytnanna.

Teygni er mælikvarði á viðbrögð neytenda og seljenda við breytingum á markaði og er mikilvægt verkfæri fyrir allar ákvarðanir.

Verðteygni eftirspurnar gerir okkur kleyft að mæla hversu mikið eftirspurnin breytist við breytingar á verði og hún ber líka saman hlutfallslega breytingu á verði við hlutfallslega breytingu eftirspurnarmagns.⁹

Teygnin getur verið misjöfn allt frá fullkomnlega óteyginni, þar sem verðbreytingar hafa engin áhrif á magn eftirspurnar, upp í fullkomnlega teygna en þar breyta verðbreytingar magni eftirspurnar óendanlega. Einnig er talað um að eftirspurn geti verið einteygin og þá hafa verðbreytingar engin áhrif á heildartekjur og magnáhrif eru jöfn verðáhrifum.

Flestar rannsóknir hafa sýnt að verðteygni listviðburða sé óteygin¹⁰ og verð hafi þar með engin áhrif á magn eftirspurnar¹¹. James Heilbrun og Charles M. Gray tóku saman rannsóknirnar sem sýna fram á að teygni verðeftirspurnar í hinum skapandi atvinnugreinum er á bilinu 0,05 til 0,64 eins og sjá má í töflu 4¹².

⁹ Makinw, N.G. og Taylor, M.P. (2006). Bls 87-90.

¹⁰ Heilbrun, J. og Grey, C.M. (2001). Bls 97-100.

¹¹ Makinw, N.G. og Taylor, M.P. (2006). Bls. 91.

¹² Heilbrun, J. og Grey, C.M. (2001). Bls 99.



Rannsóknaraðili	Lönaður og staður	Tímabil	Rannsóknaraðferð	Niðurstöður		Tekjur
				Verð	Verð staðkvæmdarvara	
Moore	Broadway leikhús, New York	1928-63	Tímaraðir	-0,48 til -64	—	0,5 til 0,37
Moore	Broadway leikhús, New York	1962	Skurðþversnið	—	—	1,03
Houthakker	Leikhús, ópera og leikhús sem rekin eru án hagnaðar USA	1929-64 ^a	Skammtíma tímaraðir	-0,18	—	0,74
Lange and Lukesetich	Sinfóníur, USA	1970	Langt tímaraðir Skurðþversnið	-0,31	—	1,26
Throsby and Withers	Leikhús, ópera og leikhús sem rekin eru án hagnaðar USA	1929-73	Tímaraðir	-0,49	—	—
Gapinski	Leikús, London	1972-83	Tímaraðir	-0,9	0,68	1,08
Gapinski	Ópera, London	1972-83	Uppsafnaðar tímaraðir	-0,05 til -0,10	0,09 til 0,18	—
Gapinski	Sinfónía, London	1972-83	Uppsafnaðar tímaraðir	-0,12 til -0,25	0,13 til 0,15	—
Gapinski	Dans, London	1972-83	Uppsafnaðar tímaraðir	-0,19 til 0,35	0,44 til 0,65	—
Goudriaan and de Kam	Leikhús, Holland	1948-75	Tímaraðir	-0,18-0,81	0,21 til 2,28	—
Goudriaan and de Kam	Tónleikar, Holland	1948-76	Tímaraðir	-0,5	^b	—
Goudriaan and de Kam	Leikhús, Holland	1979	Skurðþversnið	-0,58	1,5	—
Goudriaan and de Kam	Tónleikar, Holland	1979	Skurðþversnið	—	—	0,104
Goudriaan and de Kam	Tónleikar, Holland	1979	Skurðþversnið	—	—	0,482

Þrátt fyrir að framboð og eftirspurn listaverka ráðist af mörgum ytri þáttum vinna listamenn sjaldan með þá í huga. Sá listamaður sem vinnur eingöngu verk til að anna eftirspurn á markaði mun fljótt brenna út. Til þess að þroskast og dafna sem listamaður er nauðsynlegt fyrir hann taka sér hvíld frá framleiðsluþörfinni. Fræg er sagan af Vincent van Gogh sem seldi ekki nema eitt verk á meðan hann lifði en var styrktur af bróður sínum sem var listaverkasali í París.

3.3. Áhrif á kaupendur

Eitt af markmiðunum með listaverkalanunum var að gefa listunnendum kleift að kaupa listaverk og koma samtímalist á framfæri við almenning. Í raun er verið að niðurgreiða listaverk til almennings en hugsanlega er einnig um góðan fjárfestingakost að ræða.

Fjárhagsaðstæður kaupenda eru mjög mismunandi og ekki víst að allir sem hafa nýtt sér myndlistarlánin hafi þurft á þeim að halda.

Hópur fólks nýtir sér lánin og kaupir myndlist sem hefði að öðrum kosti ekki gert það og svo er annar hópur sem hefur fjárráð til að kaupa listaverk þótt lánin væru ekki til staðar, en lítur svo á að hagstæðara sé að nýta lánin en t.d. að staðgreiða eða nota aðra lánakosti.

Tafla 5

Tilbúið dæmi sem

skýrsluhöfundar settu upp sýnir fram á að kaupandi sem á kr. 500.000,- og er reiðubúinn að kaupa

Fjárhæð lögð til hliðar og tekið af henni mánaðarlega til greiðslu skuldabréfs.	
Innlánsvextir á Eðaldebitreikning Sparisjóðana	11,85%
Vextir	87.757
Fjármagnstekjuskattur	8.776
Nettó vextir	78.981
Kostnaður við lántöku	30.400
Hagnaður af lántöku	48.581



myndlist fyrir þá fjárhæð getur hagnast á því að taka myndlistarlán, eins og má sjá í töflu 6, leggi hann fjárhæðina inn í banka á óbundinn reikning.

Tafla 6

Liður	Lán 1	Lán 2	Lán 3
Verð listaverks	200.000	400.000	666.667
Útborgun 10%	20.000	40.000	66.667
Lánsfjárhæð	180.000	360.000	600.000
Lántökukostnaður 1%	2.700	5.400	9.000
Stimpilgjald 0,5%	900	1.800	3.000
Skjalagjald	3.850	3.850	3.850
Lánstími	36	36	36
Afborgun	5.000	10.000	16.667
Seðilgjald á mánuði	550	550	550
Heildargreiðsla lántakanda	227.250	430.850	702.317
Heildarkostnaður við lántöku	47.250	70.850	102.317
Ávöxtunarkrafa	11,85%	11,85%	11,85%
Framtíðarvirði inneignar á lánstíma	251.872	503.745	839.574
Fjármagnstekjuskattur 10%	7.187	14.374	23.957
Hagnaður af innláni	64.685	129.370	215.617
Hagnaður/tap af lántöku	17.435	58.520	113.300
Lágmarkslánstími til ná fram hagnaði	24	19	17
Lágmarksverð listaverks til að ná fram hagnaði	115.127		

Eins og fram hefur komið er hægt að fá 11,85% ávöxtun á innlánsreikningum sparisjóðanna, reikningum sem eru óbundnir og óverðtryggðir. Í dæmi skýrsluhöfunda sem sjá má í töflu xx er miðað við þessa ávöxtunarkröfu þegar metin eru hagræn áhrif af töku myndlistarlána. Í ljós kemur að miðað við 36 mánaða lán og 10% útborgun er nauðsynlegt að verð listaverksins sé að minnsta kosti kr. 115.127,- til þess að lántakandi nái fram hagnaði. Ennfremur má sjá að miðað við hámarkslán sem er 600.000 þarf einungis að taka lánið til 17 mánuða.

3.4. Áhrif á listamenn og gallerí

Skýrsluhöfundar skoðuðu sölu sautján listamanna sem hafa boðið verk sín til sölu með þeim skilmálum sem fram koma í samkomulagi um myndlistarlánin. Allir þessir listamenn voru með stöðugt framboð á listaverkum á tímabilinu sem skoðað var. Fjögur tímabil voru skoðuð, tvö þegar myndlistarlánin voru í boði og tvö þegar þau voru ekki í boði.

Sett var upp H_0 tilgáta: *Framboð á lánum til myndlistarkaupa (áhrifabreyta) hefur ekki áhrif á sölu (háð breyta) listaverka.*

Ef tafla 7 er skoðuð má sjá að Mutiple R er 0,9514 sem sýnir að fylgni er á milli háðu breytunnar Y og áhrifabreytunnar X sem nemur rúmlega 95%.

Fullkomin fylgni er = 1. Engin fylgni er = 0. Til að athuga hvort hrekja eigi H_0 tilgátuna er litið á p-gildi (P-value). Ef p-gildi er lægra en 0,05 er hægt að hrekja H_0 tilgátuna. P-gildið er



hér er mun lægra þannig að tilgátan er hrakin.

Tafla 7


Regression Statistics	
Multiple R	0,951457488
R Square	0,905271351
Adjusted R Square	0,898956108
Standard Error	1380509,985
Observations	17

ANOVA					
	df	SS	MS	F	Significance F
Regression	1	2,73192E+14	2,73192E+14	143,3470279	4,45907E-09
Residual	15	2,85871E+13	1,90581E+12		
Total	16	3,01779E+14			

	Coefficients	Standard Error	t Stat	P-value	Lower 95%	Upper 95%
Intercept	47913,92365	427778,0857	0,112006494	0,91230338	-863873,4784	959701,3257
Lán í boði	1,151423567	0,096170255	11,97276191	4,45907E-09	0,946441521	1,356405612

Mvnd 11

Skýringarstuðullinn, R Square (r^2), er sá hluti breytileika háðu stærðarinnar, sem er skýrð með breytingum í óháðu stærðinni. Ef skýringarstuðullinn er stærri en 0 en minni en 1 þá er einhver en ekki allur breytileiki háðu stærðarinnar skýrður með breytileika óháðu stærðarinnar.



Því er ekki hægt að fullyrða að framboð listaverkalána hafi verið eini áhrifavaldurinn á eftirspurn eftir listaverkum. Ýmsir aðrir þættir hafa áhrif á framboðið. Þættir eins og ráðstöfunartekjur heimilanna sem hafa aukist að meðaltali um 9% ári frá árinu 1994 til 2005¹³ og aukin umræða um myndlist í kjölfar góðs árangurs einstakra listamanna.

Listamenn sem skýrsluhöfundar ræddu óformlega við voru samt á einu máli um að myndlistarlánin hefðu ýtt undir sölu á verkum þeirra, sérstaklega stærri verkum. „Það munar verulega um það“¹⁴, þó svo listamaðurinn gefi afslátt á verkum sínum sem nemur fjórðungi af afföllum myndlistarlánanna.

Gallerí styrkjast með aukinni sölu sem hvetur þau til að koma listamönnum á framfæri og auka þar með veg þeirra fjárhagslega.

¹³ Hagstofa Íslands. (2007). *Hagtíðindi: Þjóðhagsreikningar*. Bls 1.

¹⁴ Daði Guðbjörnsson, munnleg heimild 1. júní 2007.



3.5. Áhrif á bankastofnanir

Bankinn er samkvæmt samningi að lána peninga án vaxta en framlag bankans er samt sem áður aðeins fjórðungur af „eftirgjöf“ affalla.

Til að mæta þeim fjárútlátum og umsýslukostnaði fær bankinn 1% lántökugjaldi greitt frá lántakanda og að auki greidda eingreiðslu frá sama aðila sem er u.þ.b. kr. 4.000.- undir heitinu „útlagður kostnaður“ eða „skjalagjald“. Síðan hefur bankinn möguleika á að ná sér í tekjur umfram gjöld í formi seðil- eða útskriftargjalds sem er kostnaður sem leggst við upphæð þeirra afborgana sem greiddar eru hverju sinni af lántakanda.

Með þessum lánaviðskiptum getur bankinn hugsanlega náð sér í nýja framtíðarviðskiptavinum. Lántaki gefur bankanum leyfi til að skoða fjárhagsstöðu sína gaumgæfilega og getur bankinn nýtt sér þær upplýsingar og gert lántakanda viðskiptatilboð um ýmislegt er viðkemur almennum bankaviðskiptum.

Vissulega er það bankinn sem situr uppi með útlánaáhættuna og hefur það gerst að lánsbeiðnum hafi verið hafnað t.d. á þeim forsendum að umsækjandi sé á svokallaðri vanskilaskrá. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust frá bönkunum hefur hins vegar gegnið snuðrulaust að innheimta þessar afborganir og vanskil lítil sem engin.

Það er álit flestra stjórnenda bankana að þeir styðji menningarstarfsemi vegna viðskiptalegra ástæðana, samfélagslegrar ábyrgðar, jákvæðrar ímyndar úti í samfélaginu og að stuðningur muni auka virði fyrirtækisins að miklu leyti.¹⁵ Samkvæmt því ætti það að bæta ímynd bankanna að veita almenningi lán til listaverkakaupa.

3.6. Áhrif á sveitarfélögin (hið opinbera)

Þegar áhrif á sveitafélögin eru íhuguð þarf að huga að mörgum breytum. Auknar tekjur listamanna og gallería sem telja fram í sveitafélaginu geta leitt til aukinna skatt- og útsvarsgreiðslna en margir þættir geta líka dregið úr þeim áhrifum og er uppsafnað tap rekstraraðila einn af þeim. Helstu áhrifin eru líklega margfeldisáhrif aukins peningastreymis í sveitafélaginu en skýrsluhöfundar höfðu ekki tækifæri til þess að rannsaka slík áhrif til hlítar. Rannsóknir á skattaívilnunum vegna styrkja til menningamála er mjög erfitt að meta vegna þess að það mat byggir á ályktunum um þá aðila sem njóta styrkjanna.¹⁶ Hagnýtar rannsóknir hafa sýnt að borgararnir eru tilbúnir til að styðja menningu.¹⁷ Ástæður sem nefndar hafa verið fyrir styrkjum eru að ekki sé hægt að meta suma listviðburði til fjár og neytendur séu illa upplýstir. Markaður með listir er ófullkominn markaður þar sem framleiðendur búa oft við að

¹⁵ Magnús Óskar Hafsteinsson. (2005). *Viðskiptabankarnir og framlög þeirra til menningarstarfsemi*.

¹⁶ Towse, R. (2003). Bls 453.

¹⁷ Towse, R. (2003). Bls 397.



jaðarkostnaður sé lægri en meðalkostnaður. Einnig hefur verið nefnt að listamenn séu almennt fátækari en meiri hluti þjóðarinnar og því beri hinu opinbera að reyna að jafna tekjudreifinguna.¹⁸

Höfundar sendu fyrirspurnir á Reykjavíkurborg, Akureyrarbæ og Kópavog en svör bárust ekki frá Kópavogi.

Borgarfulltrúar líta á myndlistarlánin sem pólitíska aðgerð til styrktar almenningi, galleríum og listamönnum í Reykjavík. Þeir benda á að lánin eru ekki vaxtalaus heldur séu vextirnir niðurgreiddir. Tilgangurinn er að aðstoða myndlistarunnendur við að kaupa myndverk frá galleríum. Þessi lán áttu upphaflega að standa almenningi til boða í þrjú ár og hleypa lífi í listaverkamarkaðinn sem var í lögð eftir fölsunarmálið. Talið er að framtak þetta hafi haft góð og jákvæð áhrif á listamenn, gallerí og listunnendur en samkvæmt samningnum áttu þessi vaxtalaus lán að standa til boða eins lengi og fjármagn leyfði. Þegar fjármagnið kláraðist snemma árs 2006 var hlé gert á þessum lánveitingum en þær svo aftur teknar upp í mars 2007. Þá var samið við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis um þátttöku í verkefninu. Mikill þrýstingur hafði verið að halda áfram listmunalánunum og vilji nýs Menningar- og ferðamálaráðs var fyrir hendi. Skrifstofustjóri Menningar- og ferðamálaráðs sagði „að hagræn áhrif borgarinnar af myndlistarlánunum hafi ekki verið mæld en hagræn áhrif listar og menningar skili sér oftast í margfeldis- og hliðaráhrifum, eins og ýmsar rannsóknir bendi til. Þegar listamaður semji eitthvað á hvaða sviði listgreina sem er, muni það skapa vinnu, arð og ánægju fyrir fjölda annarra um ókomin ár og jafnframt að þetta séu ekki hagræn áhrif sem hægt sé að meta einu sinni.“¹⁹

Viðhorf Akureyrarbæjar eru jákvæð og telja bæjaryfirvöld að lánin stuðli að því að aukið fé úr einkageiranum komi inn í myndlistarheiminn en hagræn áhrif hafi ekki verið reiknuð út. Jafnframt megi leiða að því líkum að einhver tiltekinn fjöldi þessara viðskipta hefðu ekki átt sér stað ef lánin væru ekki í boði.²⁰ Slíkt viðhorf hefur verið reifað í ýmsum greinum og rannsóknum en á móti hefur verið bent á að hagræn áhrif þeirra viðburða sem almenningur gefur upp á bátinn gæti verið meiri.²¹

¹⁸ Towse, R. (2003). Bls 392-393.

¹⁹ Munnleg heimild Signý Pálsdóttir .

²⁰ Munnleg heimild Þórgnýr Dýrfjörð.

²¹ Towse, R. (2003). Bls 392.



4. Listaverkamarkaðurinn

Íslenski listaverkamarkaðurinn á sér ekki langa sögu og er stutt á veg kominn borið saman við aðra evrópska listaverkamarkaði. Fyrsta listaverkasýningin fór ekki fram fyrr en 1901 þegar Þórarinn B. Þorláksson hélt sína fyrstu málverkasýningu í Listamannaskálanum. Listasafn Íslands var stofnað í Kaupmannahöfn 1884 og var sjálfstæð stofnun allt til ársins 1916 þegar það varð deild í Þjóðminjasafninu²², oft kallað Forngripasafnið fyrr á tímum, þar sem Matthías Þórðarson var þjóðminjavörður í fjóra áratugi frá 1907²³. Í tíð Matthíasar voru keypt um eitt hundrað verk eftir íslenska myndlistarmenn þess tíma. Jónas Jónsson frá Hríflu (1885-1968) beitti sér fyrir setningu fyrstu laga um kaup hins opinbera á myndlist og stofnun Menningarsjóðs. Tekjustofn þessa sjóðs var nokkuð óvenjulegur en allar sektir vegna ólöglegs innflutnings áfengis rann í sjóðinn.²⁴ Formlegt listnám hófst hér á landi með stofnun Handíðaskólans 1935 sem síðar varð Myndlista- og handíðaskóli Íslands 1964 þegar fyrstu heildarlög um skólann voru samþykkt en skólinn hefur nú runnið í Listháskóla Íslands árið sem var stofnaður 1999.²⁵

Listamenn selja verk sín eftir ýmsum leiðum en aðal söluleiðirnar eru í gegn um gallerí sem vinna sem umboðsmenn listamanna. Þar fyrir utan selja listamenn á sýningum sem eru annað hvort haldnar að undirlagi listamannanna sjálfra, sjálfstæðra sýningarsala eða gallería. Einnig er algengt hér á landi að listamenn selji sjálfir verk sín beint af vinnustofum sínum. Að lokum eru listaverk seld á opinberum uppboðum en þar eru listamennirnir sjálfir sjaldnast seljendur verkanna heldur er um eftirmarkað að ræða.

Erfitt hefur verið að áætla hlut myndlistarmarkaðarins á meðal hinna skapandi atvinnuvega því ekki hafa verið til opinberar tölur um sölu og einnig er stór hluti markaðarins ekki á yfirborðinu. Þá eru skil milli myndlistar, hönnunar og ýmiss handverks oft óskýr.

4.1 Verðmyndun listaverka

Listgreinanám er langdýrasta námið segir Hjálmar H. Ragnarsson rektor Listaháskóla Íslands²⁶ í grein Trausta Hafsteinssonar þar sem hann tekur saman þann kostnað sem hið opinbera þarf að leggja út fyrir hvern nemenda eftir námsgreinum. Þar kemur fram að af tíu dýrustu námsgreinunum eru sjö greinar kenndar við Listaháskóla Íslands eins og sjá má í töflu

²² Sótt á vef Listasafn Íslands þann 4. júní 2007. <http://www.listasafn.is/?expand=-48&i=48>.

²³ Sótt á vef Þjóðminjasafns Íslands þann 6. júní 2007. <http://www.natmus.is/umsafnid/sagasafnsins/nr/8>.

²⁴ Sjá lög nr. 7/1928.

²⁵ Þskj. 690 — 463. mál. Sótt á vef þann 4. Júní 2007. <http://www.althingi.is/altext/132/s/0690.html>.

²⁶ Trausti Hafsteinsson. 25.-28. maí 2007. DV. *11 lögfræðingar fyrir hvern tannlækni*. Bls 11.



1.²⁷ Þessi mikla áhersla á listgreinanám endurspeglar það að vegur skapandi atvinnugreina hefur verið að aukast ef titið er til atvinnulífsins eins og Hjálmar heldur fram.²⁸ Hann heldur því einnig fram að „ríkustu þjóðir heimsins í dag byggja á skapandi atvinnugreinum, „creative industries“, þar get ég nefnt Danmörku, Bandaríkin og Holland sem dæmi“.²⁹ Þetta dýra nám ætti að skila ríkulegri umbun³⁰ en annað nám en þrátt fyrir það geta fæstir listamenn státað af góðum tekjum að námi loknu. Það eru ekki listamennirnir einir sem ákveða verð þeirra afurða (listaverka) sem þeir framleiða. Verð listaverka tekur heldur ekki mið af fjárfestingum í menntun eða tækjabúnaði nema að litlu leyti. Það er hægt að skilgreina verðmyndun listaverka eftir þremur þáttum, eiginleikar listaverksins, tími og staðsetning sem listaverkið er boðið til sölu.³¹ Eiginleikum listverka má einnig skipta í þrjá þætti; stærð verksins og efni (strigi, pappír, vatnslitir, olía o.s.frv.), viðfangsefni (kyrralíf, landslag, afstrakt o.s.frv.) og að lokum undirskrift listamannsins sem er í raun vörumerki hans.³² En eiginleikar listaverks er ekki nóg til þess að hægt sé að setja verðmiða á verk. Listamaðurinn þarf að skapa sér nafn á þeim markaði sem hann vill vinna á. Raymonde Moulin (1992) bendir á að stór hluti verðmyndunar listaverka á sér stað vegna tengsla ýmissa aðila sem starfa á listaverkamarkaði og þá sérstaklega gallería og sýningastjóra en einnig safnara og gagnrýnanda.³³ Undirskrift listamannsins er samt sem áður stærsti áhrifavaldurinn þegar kemur að verðmyndun. Ef ekki er hægt að staðfesta að verk sé eftir ákveðinn höfund er það nánast einskis virði. Ómerkt verk sem eru augljóslega eftir þekkta höfunda og eru staðfest af söfnum eða jafnvel ættingjum listamannsins eru að sama skapi verðminni en sambærileg merkt verk eftir sama höfund.³⁴

Tafla 1

Dýrasta námið		
Námsgrein	Kostnaður	Námstími
Tannlækningar	13,8	6 ár
Leiklist	11,6	4 ár
Læknisnám	8,4	6 ár
Tónlist	5,1	3 ár
Listdans	5,1	3 ár
Hönnun	4,9	3 ár
Myndlist	4,6	3 ár
Hjúkrunarnám	3,2	4 ár
Raunvísindi	3	3 ár
Arkitektúr	3	3 ár
Fræði og framkvæmd	3	3 ár
Landúnaðarnám	2,7	3 ár
Kennaranám	2,1	3 ár
Tölvufræði, stærðfræði	2,1	3 ár
Félags- og mannvísind	1,2	3 ár
Guðfræði, lögfræði	1,2	3 ár

²⁷ Trausti Hafsteinsson. 25.-28. maí 2007. DV. *11 lögfræðingar fyrir hvern tannlækni*. Bls 10-11.

²⁸ Börkur Gunnarsson. 11. maí 2007. Viðskiptablaðið. *Í samfélagi allra listgreina*. Bls 17.

²⁹ Börkur Gunnarsson. 11. maí 2007. Viðskiptablaðið. *Í samfélagi allra listgreina*. Bls 18.

³⁰ Adam Smith. *Rannsókn á eðli og orsökum auðlegðar þjóðanna*. Bls 82.

³¹ Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 57-62.

³² Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 57-62.

³³ Towse, Ruth (ritstj.) (2003). Bls 58.

³⁴ Heimild Gallerí Fold.



Jaðarverð listaverka af sambærilegum gæðum lækkar eftir því sem þau stækka. Að sama skapi eru teikningar ódýrari en gvas myndir, sem eru aftur á móti ódýrari en olíuverk og verk unnin á pappír eru ódýrari en verk unnin á striga.³⁵

Þó svo að eiginleikar listaverka séu aðaláhrifavaldurinn í verðmyndun þeirra þá skiptir staður og stund einnig máli. Verð listaverka breytist með tímanum sem fall af þjóðhagfræðilegum breytum eins og verðbólgu, tekjum fólks eða þróun hlutabréfamarkaða en einnig líka sem fall af atburðum sem eiga sérstaklega við listamanninn (t.d. dauða hans). Að öllum öðrum hlutum óbreyttum þá hækkar meðalverð listaverka þegar þjóðartekjur á mann hækkar og að sama skapi eiga verð til með að hækka með hærri verðbólgu.³⁶ Pesando og Shum (1996) sýndu fram á að verð á sama listaverkinu getur verið mismunandi þó svo að salan á því fari fram á sama stað og sama tíma sem gerir lögmálið um eitt verð ómerkt.

Nýjustu verð sem fást á uppboðum eða í galleríum eru líka notuð sem viðmið þegar kemur að verðlagningu listaverka ásamt fjölda þeirra staðkvæmdarvara sem á markaðinum eru.³⁷ Fáist óvenjuleg hátt verð fyrir listaverk eins og gerðist þegar verkið „Hvítasunnudagur“ eftir Kjarval var selt fyrir tæpar 16 milljónir króna á uppboði í Danmörku hækkar það verð á öðrum listverkum af sambærilegum gæðum. Slíkt gerðist á uppboði Gallerís Foldar sem haldið var stuttu seinna en þá fengust hæstu verð sem fengist hafa á Íslandi fyrir verk eftir Ásgrím Jónsson og Þorvald Skúlason.³⁸

4.2 Listmunasalar – umboðsmenn listamanna

Hástéttin hefur safnað listmunum allt frá tímum Babilon og vísbendingar eru um að listaverk hafi verið seld annað hvort á uppboðum eða í gegn um miðlara í Róm til forna.³⁹ Málverkið kemur samt ekki fram sem veraldleg gæði fyrir borgarastéttina fyrr en endurreisnin hófst með ítalska málaranum Pietro Cavallini sem málaði á árunum 1273-1316.⁴⁰ Líklega voru fyrstu listmunasalararnir eins og við þekkjum þá í dag hollenskir og flæmskir sem seldu verk til velstæðrar millistéttarinnar.⁴¹

Listmunasalar eða miðlarar (e. Art Dealers) leika núorðið stórt hlutverk á listamarkaðinum og næstum er útilokað fyrir listamann að koma sér á framfæri nema í samvinnu við þessa stétt.

³⁵ Towse, Ruth (ritstj.) (2003). Bls 57-62.

³⁶ Pommerehne, W.W. og Frey, Bruno S. (1989) Bls 88.

³⁷ Towse, Ruth (ritstj.) (2003). Bls 194-200.

³⁸ Gallerí Fold. 2007. *Uppboðsskrá nr. 34.*

³⁹ Shubik, M. (1983). Bls 33-52.

⁴⁰ Germain Bazin. (1958). Bls 201.

⁴¹ Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 194-200.



Það þarf samt ekki neina sérstaka menntun til þess að verða listmunasali.⁴² Aftur á móti þarf töluverða þekkingu á list og verðmyndun listaverka til þess að geta starfað á þessum markaði. Þar að auki þarf að ríkja traust bæði á milli listmunasalans og listamannsins og viðskiptavinarinnis. Þessi sérþekking er líklega stærsta hindrunin fyrir nýja aðila inn á markaðinn og því kemur það ekki á óvart að um það bil 80% listmunasala er með BA eða sambærilega gráðu.⁴³

Listráðgjafar starfa einnig á listaverkamarkaðinum og ráðleggja kaupendum og fyrirtækjum um hvaða listaverk best sé að fjárfesta í. Þessir ráðgjafar sem reiða sig á sérþekkingu listmunasalana, fá oft á tíðum hlut í umboðslaunum listmunasalans en hafa ekki endilega hagsmuni kaupandans að leiðarljósi þegar kemur að ráðleggingum um innkaup. David Leiber í Sperone Westwater galleríinu í New York sagði að „sumir sem kölluðu sig ráðgjafa vissu svo lítið um list að það væri skelfilegt“.⁴⁴ Þó svo þessi stétt manna hafi vaxið ásmegin á síðustu árum vegna sterkari stöðu stórra listamessa⁴⁵ þá hefur þetta viðhorf loðið lengi við hana, eins og sjá má á orðum Paul Durand-Ruel þann 10. desember 1869:

„Það er vorkun að sjá hvernig flest fólk sem vill kaupa myndir gerir það. Oftar en ekki er því ráðlagt af fólki sem er annað hvort heimskt eða glæpamenn, þannig að það kaupir viðurstygð á mjög háu verði.“⁴⁶

Listmunasalar eða miðlarar eru ekki stór stétt hér á landi þar sem þjóðfélagið er agnarsmátt í alþjóðlegum samanburði. Sérkenni íslenska listaverkamarkaðarins er að stærri hluti listaverka eru seld af vinnustofum listamanna hér á landi en þekkt erlendis. Fáir íslenskir listamenn gera einkasamninga við listmunasala þar sem þeir skuldbinda sig til þess að selja einungis í gegn um eitt gallerí. Þetta sérkenni íslenska markaðarins er þó á undanhaldi en ástæðuna fyrir því má að hluta til rekja til hinna vaxtalaus listamunálána sem eingöngu eru veitt almenningi í galleríum en ekki á vinnustofum eða heimilum listamanna. Vinnustofusala listamanna hefur einnig gert það að verkum að íslenskir listmunasalar hafa þar til nýlega tekið mun lægri umboðslaun en þekkt erlendis eða um það bil 30%. Nýleg könnun gerð meðal íslenskra gallería sýndi aftur á móti að þessi hlutfallstala hefur hækkað og er nú oftar nær 40% til 50% af söluverði listaverka sem er í takt við það sem gerist í Danmörku, Þýskalandi og Englandi.⁴⁷ Listmunasalar kaupa sjaldnast listaverk af listamönnum heldur taka þau í umboðssölu. Helstu ástæður þess eru minni lagerkostnaður en einnig skattaleg meðferð á sölu listaverka. Kaupi

⁴² Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 194-200.

⁴³ Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 194-200

⁴⁴ Marc Spiegler. (2007) Bls 52.

⁴⁵ Marc Spiegler. (2007) Bls 52.

⁴⁶ Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 194-200.

⁴⁷ Heimild Gallerí Fold .



listmunasali listaverk til þess að selja aftur verður listaverkið að bera 24,5% virðisaukaskatt en selji listmunasalinn verkið í umboði listamanns er einungis reiknaður virðisaukaskattur á umboðslaunin. Það sama á við ef einstaklingur flytur listaverk inn til landsins, þá ber honum að greiða 24,5% virðisaukaskatt af öllu kaupverðinu auk flutningskostnaðar en ef listamaður flytur sín eigin verk til landsins eru þau skattfrjáls að öllu leyti.

4.3. Óhefðbundnir sölustaðir

Það er tilfinning galleríeigenda að listamenn hér á landi selji töluvert af listaverkum beint út af vinnustofum sínum. En listamenn sýna verk sín einnig í óhefðbundnum sýningarsölum eins og á kaffihúsum og í fyrirtækjum af ýmsu tagi. Oftast sjá fyrirtækin sér hag í því að lána listamanninum aðstöðu án endurgjalds en hann þarf þá að sjá um alla uppsetningu og sölu á sýningunni. Þessi sala er ekki skráð af fyrirtækjunum heldur færast hún sem sala beint frá listamanni og er þar af leiðandi undanskilin virðisaukaskatti. Það er síðan í höndum listamannsins að telja þessar tekjur fram eins og aðrar tekjur sem hann kann að hafa. Það getur verið vandkvæðum bundið að áætla slíkar tekjur því erfitt er að komast yfir þess háttar gögn. Annar hluti myndlistarmarkaðarins eru sölur manna á milli sem gerðar eru án aðstoðar listmunasala eða listamanna. Þar er í raun um hluta af eftirmarkaði með listaverk að ræða þar sem hvorki eru skráðar tekjur né aðrar upplýsingar um sölu verkanna. Oft ganga verk manna á milli í skiptum í ýmsum viðskiptum og því ógjörningur að meta slíkt eða skrá af nákvæmni. Ýmis félagasamtök halda uppboð á listmunum til þess að afla fjár til félags- og góðgerðarmála. Í flestum tilfellum gera félögin samning við listamenn um að þeir fái helming af því verði sem fæst fyrir verkið en félagið haldi helming eftir. Eins og með sölu listaverka beint út af vinnustofum listamanna eru ekki til skráningar á sölu á þessum uppboðum en það gæti breyst með nýjum lögum um fylgiréttargjald sem tóku gildi 1. júlí 2006⁴⁸. Þar er kveðið á um að skila skuli fylgiréttargjaldi af öllum uppboðum til Myndstefs og skilagreinum þá um leið.

Öll þessi sala utan hefðbundinna leiða gerir það að verkum að illmögulegt er að meta heildarstærð myndlistarmarkaðarins.

4.4. Uppboðsmarkaðurinn

Uppboð er markaður með skýrum leikreglum þar sem skipting gæða og verð er ákveðin á grundvelli boða frá þátttakendum markaðarins.⁴⁹

⁴⁸ Sjá lög nr 117/2005 og 72/1972

⁴⁹ McAfee, R. P. og McMillan, J. (1987) Bls. 699-738.



Fyrstu hefðbundnu listmunauppböðin⁵⁰ hér á landi fóru fram 1953 þegar Sigurður Benediktsson hélt sitt fyrsta uppböð í Listamannaskálnum. Fram til þess tíma var það til siðs að verk sem ekki seldust á sýningum voru boðin hæstbjóðanda í lok sýningarinnar. Hvort tveggja fylgir svokallaðri enskri uppböðsaðferð þar sem verð fer stighækkandi fyrir opnum tjöldum. Einnig er til svokölluð hollensk aðferð þar sem uppböðshaldarinn byrjar á háu verði og lækkar það síðan þar til kaupandi finnst.

Ensk uppböð, eða hefðbundin uppböð, eru langþekktasta form uppböða og fara þannig fram að byrjað er á lágu verði sem hækkar síðan í stigum þar til markaðsverði er náð. Segja má að það verð sem fæst fyrir listaverk á uppböði sé markaðsverð að því gefnu að minnsta kosti tveir upplýstir kaupendur bjóði í það. Seljendur þurfa þá ekki að vera upplýstir til þess að fá markaðsverð fyrir listaverkin sín.⁵¹ Þegar hámarksverði er náð á uppböði er verkið slegið hæstbjóðanda er talað um að verkið sé slegið við hamarshögg og hamarshöggverð.

Rannsókn sem Ashenfelter gerði 1989 sýndi fram á fyrirbæri sem nefnt hefur verið verðhnignunarafrigið (e. The Declining Price Anomaly). Þar kom í ljós að ef boðin eru upp mörg sambærileg verk lækkar verðið á þeim verkum sem boðin eru upp seinna á sama uppböði.⁵²

Ekki seljast öll verk sem boðin eru upp. Seljandi listaverks, í samvinnu við uppböðshaldarana setur lágmarksverð sem ekki er gefið upp. Ef boðið er lægra en sem nemur þessu lágmarksverði eða engin boð koma í verk er talað um að verkið sé slegið inn. Uppböðshaldari fer með slíka sölu eins og um sé að ræða venjulega sölu og því geta bjóðendur á uppböðum ekki vitað hvort verk eru seld eða slegin inn. Stundum þarf uppböðshaldari að bjóða á móti súlunni (flestar uppböð á Íslandi fara fram í Súlnasal Hótel Sögu) ef ekkert boð fæst frá gestum uppböðsins. Slík boð eru lagalega séð komin frá seljanda sjálfum því með því að setja lágmarksverð hefur hann í raun boðið sjálfur í verkið sem nemur þeirri fjárhæð. Hlutfall þeirra verka sem slegin eru inn á Íslandi eru á bilinu 3% til 10 %⁵³ en hlutfall verka impressionistanna⁵⁴ sem slegin hafa verið inn er 33% og hlutfall evrópskra málverka er á bilinu 5% til 10%⁵⁵. Stundum vaknar sú spurning hvort verk sem boðið hefur verið upp en hefur ekki selst sé á einhvern hátt verðminna fyrir vikið. Uppböðshús vilja yfirleitt ekki setja verk sem hefur verið slegið inn strax aftur á uppböð heldur bíða í einhvern tíma áður en það er

⁵⁰ Orðskýring: Í þessari grein er átt við ensk uppböð þegar talað er um hefðbundin uppböð.

⁵¹ Towse, Ruth (ritstj.) 2003) Bls 32-39.

⁵² Ashenfelter, Orley. (1989) Bls 23-36.

⁵³ Heimild Gallerí Fold.

⁵⁴ Orðskýring: Impressionistar tilheyrðu hreyfingu myndlistamanna í París á 19.öld.

⁵⁵ Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 32-39.



boðið upp aftur. Stundum eru þessi verk boðin til sölu í galleríum í millitíðinni.⁵⁶ Það getur verið erfitt að finna út hvort þetta hafi áhrif á verð listaverka eða hvort þetta sé einungis aðferð uppboðshaldarans til þess að fá seljandann til að lækka lágmarksverð umrædds listaverks.⁵⁷ Uppboðshaldarinn gæti einnig verið að bíða eftir rétta augnablikinu til að selja verkið.

Uppboðshúsið fær tekjur bæði frá seljanda og kaupanda listaverka á uppboðum. Kaupandi þarf að greiða uppboðsgjald sem leggst ofan á slegið hamarshöggsverð og er 10% hér á landi eins og hjá flestum uppboðshúsum á vesturlöndum.⁵⁸ Uppboðshúsið þarf einnig að innheimta hjá kaupanda fylgiritargjald og skila til samtaka höfundarréttar á Íslandi.⁵⁹ Gjald þetta er innheimt samkvæmt tillögum Evrópusambandsins og getur hæst numið 10% og ber að innheimta af öllum listaverkum seldum á uppboðum, hvort sem þau falla undir lög um höfundarrétt eða ekki. Séu listaverkin fallin úr höfundarrétti sem gerist þegar meira en 70 ár eru liðin frá andláti höfundar,⁶⁰ skal fylgiritargjaldið renna í sjóð til styrktar myndlistarmönnum.⁶¹ Þetta ákvæði er einstakt í Evrópu sem og sú prósentu sem innheimt er af ódýrustu verkunum. Seljendur greiða uppboðshúsinu einnig umboðslaun fyrir sölu á uppboðum sem er á bilinu 10% til 20% og ákvarðast eftir verðmati listverksins. Seljendur semja við uppboðshúsið fyrirfram um þessa prósentutölu en uppboðsgjaldið sem kaupandi greiðir er aftur á móti ekki umsemjanlegt.

4.5. Fölsunarmálið

Falsanir eru ævaforngrein. Rómverjar fölsuðu grísk verk og þekkt er að nýjar höggmyndir voru grafnar í mykju til að láta þær líta út fyrir gamlar á níttjándu öld. Var það meðal annars gert til að komast hjá lögum sem bönnuðu sölu á þjóðargersumum.⁶²

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af fölsunum því talið er að fleiri en 900 fölsuð verk, eignuð íslenskum höfundum, sé að finna á Íslandi.⁶³ Íslenska fölsunarmálið hafði skýr áhrif á íslenska uppboðsmarkaðinn eins og sjá má á þróun Íslensku listaverkaverðvísitölunnar. Eftir að dómur féll í „Stóra fölsunarmálinu“ árið 2004 hrundi íslenski uppboðsmarkaðurinn og fór vísitalan niður í tæplega 68 stig, sem er lægsta gildi hennar síðan 1986.⁶⁴ Nú þegar

⁵⁶ Heimild Gallerí Fold.

⁵⁷ Towse, Ruth (ritstj.) 2003. Bls 32-39

⁵⁸ Heimild uppboðsskrá Gallerís Foldar.

⁵⁹ Sjá lög nr. 72/1972.

⁶⁰ Sjá tilskipun 2001/84/EB.

⁶¹ Sjá lög nr. 72/1972.

⁶² Towse, Ruth (ritstj.) (2003) Bls 194-200.

⁶³ Ólafur Ingi Jónsson (munnleg heimild 13. júní 2006).

⁶⁴ Jóhann Ágúst Hansen (2007) Sótt á vef www.ilv.is þann 29.5.2007.



markaðurinn er að komast í jafnvægi aftur er helsta hættan af fölsunum sú að eigendur falsaðra verka losi sig við þau til grandalausra en slíkt er þekkt í sögulegu samhengi. Þess má einnig geta að ekki er víst að allir eigendur falsaðra verka viti að þau séu fölsuð. Þá eru það oft erfingar eigendanna sem selja þau og eru þá oft illa að sér um uppruna verkanna.

„...í listasafni Maurice (innsk. höf. Baron Maurice de Rothschild) voru mörg verk sem honum líkaði ekki við, mikið af fölsunum sem hann vildi losna við og seldi hægt og bitandi eða skipti.“⁶⁵

4.6. Höfundarréttur

Þann 1. janúar 2006 tóku í gildi samevrópsk lög um svokölluð fylgiréttargjöld, þar á meðal höfundarréttargjöld. Lögin kveða á um að höfundarréttargjald skuli leggjast ofan á verð allra seldra verka sem seljast á uppboðum. Gjöldin eru stíglækkandi eftir verðmæti verka en hæsta gjaldið er 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum. Næsta stig er síðan 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur og fer síðan lækkandi eftir því sem verð listaverksins hækkar en verður aldrei meira en € 12.500,-⁶⁶ Höfundarréttargjald, eða Droit de Suite, er hægt að rekja allt aftur til 1860 en því var hins vegar ekki komið á fyrir en um 1920 í Frakklandi.⁶⁷ Gjaldið var hugsað til að koma til móts við þá staðreynd að verð listaverka hækkar yfirleitt þegar listamaður hefur starfað lengi á markaði og stundum ekki fyrir en eftir

andlát hans. Þar af leiðandi eru það yfirleitt milligöngumenn sem hagnast á verkum listamannsins á meðan hann fær lítið greitt fyrir sína vinnu í byrjun ferilsins gjaldinu er því ætlað að

Gjald til listamann eða erfinga þeirra samkvæmt höfundalögum.		
Flokkur	Hlutfallstala	Söluverð listaverks í €
1	10%	0
2	5%	3.000,01 - 500.000
3	3%	50.000,01 - 200.000
4	1%	200.000,01 - 350.000
5	0,50%	350.000,01 - 500.000
6	0,25%	umfram 500.000

Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 12.500 evrum.

tryggja höfundum þátt í fjárhagslegri velgengni sem frumgerðir þeirra njóta.

Höfundarréttargjald ber að greiða fyrir not á myndverki í allt að 70 ár eftir andlát höfundar.

Lögin sem sett voru hér á landi ganga enn lengra en sambærileg lög í Evrópu þar sem ber að innheimta þetta gjald á uppboðum þó svo meira en 70 ár séu liðin frá andláti höfundarins.

Þegar höfundarréttur fellur úr gildi skiptir gjaldið um nafn og heitir fylgiréttargjald og rennur í sjóð til styrktar myndlistarmönnum og er úthlutað af Myndstefi – samtökum eigenda höfundaréttar. Að auki eru gjöldin hærri hér á landi en í þeim löndum sem við oftast berum

⁶⁵ Gimpel, R. (1986) Bls. 200.

⁶⁶ Sjá lög nr. 117/2005

⁶⁷ Caslon Analytics profile droit de suite. Sótt á vef 4. Júní 2007.

<http://www.caslon.com.au/droitprofile.htm#history>



okkur saman við⁶⁸ eða 10%. Hvergi annars staðar er gjaldið hærra en 5% og oftast lægra en 4%.

Iðnaðarráðuneytið skýrir þennan mun á þann veg að hér á landi var hætt að innheimta söluskatt (nú virðisaukaskatt) þegar innheimta höfundaréttargjaldsins hófst.⁶⁹ Spyrja má hvort réttlætanlegt sé að hætta innheimtu skatts sem rennur til samneyslu þjóðarinnar til að réttlæta innheimtu gjalds sem rennur til einstaklinga.

Tafla 3

Höfundaréttargjald - hæsti flokkur		
Land	Hlutfallstala	Söluverð listaverks í €
Ísland	10%	0 - 3.000
Danmörk	5%	0 - 50.000
Svíþjóð	5%	umfram 1.985 SEK*
Frakkland	4%	0 - 50.000
Noregur	3%	öll verk*
Bretland	4%	0 - 50.000


*Hafa ekki tekið upp samevrópsku lögin.

4.7. Hve þungt vegur hlutur menningar í hagkerfinu?

Í bók Ágústs Einarssonar, Hagræn áhrif tónlistar, kemur fram að hægt er að meta hversu mikla hlutdeild menning hefur í hagkerfinu og er það gert með því að skoða hverju einstaka þættir menningar skila til landsframleiðslunnar. Þar kemur fram að framlag menningarmála er 3,75% af heildarlandsframleiðslu árið 2000 og þar af eru listamenn um 0,75%. Trúmál og íþróttastarfsemi flokkast sem menningarmál. Fróðlegt er að sjá að t.d landbúnaður er 1,4% af landsframleiðslu og ál- og kísiljárnframleiðsla er einungis 1,3%. Rétt er þó að geta að þetta eru tölur frá árinu 2000.

Á mynd 2⁷⁰ má sjá menningu í samanburði við aðrar atvinnugreinar á árinu 2003 og eru þessar tölur byggðar á áætlun Hagstofunnar um landsframleiðslu fyrir árið 2003.

Mvnd 2



⁶⁸ Jóhann Ágúst Hansen. (2005). *Samanburður á höfundaréttargjöldum í Evrópu*.


⁶⁹ Tryggvi Páll Friðriksson munnleg heimild.

⁷⁰ Ágúst Einarsson. (2004). Bls 17.



Það sem einkennir menningarstarsemi er einyrkjaumhverfið fá starfandi fyrirtæki eru með frá fimm til 20 starfsmenn (15%). Stærsti hlutinn er með einn til fimm starfsmenn eða um 80% Á mynd 3⁷¹ má sjá hversu margir starfa í mismunandi atvinnugreinum og vert er að vekja athygli á að einungis 5000 manns starfa innan menningargeirans sem árið 2003 lagði 4% til landsframleiðslunnar á meðan 6000 starfa við landbúnað sem lagði einungis til 1,4% af landsframleiðslu.⁷²

Mvnd 3



Útgjöld hins opinbera til menningarmála hafa aukist verulega á síðustu áratugum og námu tæplega 21 milljarði árið 2001 eða 6,15% af heildarútgjöldum.

Tekjur þeirra lögaðila sem starfa innan skapandi atvinnugreina hefur aukist mikið á síðustu árum eins og sjá má á töflu 3⁷³ hér fyrir neðan. Undir hatti skapandi atvinnugreina er sýningarhald ýmiskonar, s.s. leikhópar, ópera og tónleikahald. Þar að auki eru störf rithöfunda og listamanna af ýmsu tagi styrkt. Tekjur þessara aðila eru allar skráðar undir einn hatt hjá skattstjórum landsins og því er erfitt að átta sig á því hversu stór hluti þessara tekna má rekja til myndlistarmanna.

Tafla 3

Upphæðir í milljónum kr.	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Fjöldi framtala	174	191	219	224	256	295	350
Tekjuskatts- og útsvarstofn	18	31	62	73	133	433	421
Yfirfæranlegt tap	22	34	81	76	145	207	199

⁷¹ Ágúst Einarsson. (2004). Bls 18.

⁷² Ágúst Einarsson. (2004). Bls 17-18.

⁷³ Helgi Snær Sigurðsson. Sótt á vef Morgunblaðsins þann 2. júní 2007 http://mbl.is/mm/frettir/serefni/listir_2006/listir_sala.html.



Í grein sem Helgi Snær Sigurðsson skrifaði í Morgunblaðið kemur fram að tekjuskatts- og útsvarstofn þeirra sem eru með skráðan rekstur í starfsemi listamanna hefur aukist stöðugt frá árinu 1999 en jókst verulega á milli árunna 2003 og 2004 eða úr 133 milljónum í 433 milljónir.

5. Upphaf listaverkalána

Lán til kaupa á listaverkum eins og öðrum varanlegum neysluvörum hafa þar til 2004 aðallega verið boðin almenningi í gegn um kreditkortafyrirtækin í formi raðgreiðslna sem bera háa vexti. Lán ætluð til listaverkakaupa þar sem lántakandinn þarf ekki að greiða neina vexti voru fyrst boðin hér á landi 2004 með samningi á milli gallería, listamanna, bankastofnanna og Reykjavíkurborgar.

5.1. Artótek – Listhlaða í Borgarbókasafni

Listahlaða eða svokallað Artótek hefur verið rekið í Borgarbókasafni Reykjavíkur frá 18. ágúst 2004 en þá var gerður var samningur á milli Borgarbókasafns Reykjavíkur og Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) um að félagsmenn þeirra legðu Artótekinu til verk. Þessi samningur var til tveggja ára eða til haustsins 2006 og átti að endurskoða hann að þeim tíma liðnum og framlengja honum ef hann stæði undir væntingum.⁷⁴ Tilgangur þessa samnings er meðal annars að leigja og selja íslenska samtímamyndlist til almennings og fyrirtækja, ekki síst til að auka útbreiðslu myndlistar. Almennigur og fyrirtæki hafa möguleika á að prýða heimili sín og vinnustaði með samtímalist án þess að leggja út í kaup og geta leigutakar jafnvel skipt um listaverk reglulega. Má þá ætla að handhafi listaverksins hafi góðan tíma og stund til að meta það og skoða í því umhverfi sem hæfa þykir áður en endanleg kaup eru ákveðin.

Þar sem samstarf þetta hefur hlotið góðar undirtektir, einkum hjá listamönnum og ráðamönnum borgarinnar, hefur verið ákveðið að halda rekstrinum áfram nú þegar tveggja ára reynslutíma er lokið, þrátt fyrir áætlað tap fyrir árið 2006.⁷⁵ Víða erlendis eru listahlöður starfræktar og þá sem sjálfstæðar stofnanir eða í tengslum við aðrar stofnanir eins og menningarmiðstöðvar, bókasöfn eða listasöfn. Útlán á myndlist eru ekki alveg óþekkt hér á landi en Norræna húsið í Reykjavík hefur lánað út grafíkverk til almennings í fjölda ára. Einnig hefur Listasafn ASÍ leigt fyrirtækjum myndlist úr safni sínu. Fyrirmyndin að Artóteki

⁷⁴ Sótt á vef SÍM þann 28. maí 2007 <http://www.sim.is/Index/Islenka/Artotek/>.

⁷⁵ Sótt á vef Morgunblaðsins 28. maí 2007 http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1145235/.



Borgarbókasafnsins og SÍM er komin frá Finnlandi og hefur borgarbókasafnið í Helsinki starfrækt listahlöðu í samstarfi við samtök listamanna þar með góðum árangri.⁷⁶

Hjá Artóteki gefst listaverkaunnendum kostur á að leigja listaverk fyrir ákveðið gjald í allt að 36 mánuði. Hvenær sem er á lánstímanum gefst lántakanum tækifæri á að kaupa listaverkið og þá dregst frá verðinu sú upphæð sem hefur verið greidd í leigu. Einnig býðst lántakanum að staðgreiða listaverkið eða greiða með mánaðarlegum vaxtarlausum greiðslum.

Í samstarfssamningi SÍM og Borgarbókasafnsins kemur fram að listamaðurinn ákveður söluverð og þar með leiguverð verka sinna. Fær listamaðurinn 70% af greiðslum en 30% fer í umsýslu. Gert er ráð fyrir að listamaður geti átt allt að 5 verk inni í Artótekinu á hverjum tíma og þau verk sem ekki hafa verið lánuð út á 6 mánaða tímabili ber listamanninum að taka til baka. SÍM telur ekki þörf á að hafa áhyggjur af því að Artótekið taki viðskipti frá einkareknum galleríum heldur muni starfsemi þess auka viðskipti þeirra. Þessu til staðfestingar vitna samtökin til systursamtaka sinna í Finnland þar sem starfsemi listhlaða þrífst vel í sambland við önnur gallerí og starfsemi þeirra styður vel við bakið á hvoru öðru.⁷⁷

Í starfsáætlun Reykjavíkur 2006 er gert ráð fyrir að starfsemi Artóteks sé rekið með tapi. Áætlaðar tekjur eru 800.000 en útgjöld 1.195.000 og því er áætlað tap 395.000. Það er samt ekki á stefnu Reykjavíkurborgar að leggja niður þessa starfsemi þar sem hún þykir styðja vel við menningarstarfsemi í borginni.⁷⁸

Eigendur gallería hafa hins vegar bent á að það stríði gegn samkeppnislögum að borgin skuli reka starfsemi með tapi sem er í beinni samkeppni við einkarekin gallerí. (Munnleg heimild: Tryggvi Páll Friðriksson).

Í maí 2007 höfðu 324 myndverk verið leigð hjá Artóteki og þar af höfðu 254 leigur endað með sölu listaverksins.⁷⁹

5.2. Samningur um myndlistarlán

Í kjölfar þess að borgin lagði upp með Artótekið kom fram ábending frá einkareknum galleríum borgarinnar um að slíkur rekstur bryti líklega á þeim samkvæmt samkeppnislögum.⁸⁰ Í framhaldi af því þróaði Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar áætlun um að bjóða almenningi vaxtalaus myndlistarlán og samdi við listamenn, einkarekin

⁷⁶ Sótt af vef Morgunblaðsins þann 28. maí 2007 http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=810447.

⁷⁷ Sótt á vef SÍM þann 28. maí 2007 <http://www.sim.is/Index/Isenska/Artotek/>.

⁷⁸ Sótt á vef Reykjavíkur þann 20. maí 2007.

http://www.reykjavik.is/PortalData/1/Resources//skjol/svid/menninga_og_ferdamalasvid/pdf_skjol/starfsaetlani_r/2006_Starfs%C3%A1l%C3%A6tlun_Lei%C3%B0r%C3%A9tt_L%C3%A1g_upplausn.pdf.

⁷⁹ http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1063338 sótt, 28.maí 2007

⁸⁰ Tryggvi Páll Friðriksson, munnleg heimild.



gallerí og KB banka þann 18. ágúst 2004. Listmunalánunum var, eins og Artótekinu í Borgarbókasafni, sem hófst á sama tíma, ætlað að hvetja almenning til að njóta samtímalistar og gera þeim kleift að eignast listaverk með auðveldum hætti.

Tilgangur listmunalána var að aðstoða myndlistarunnendur við kaup á myndlist frá galleríum með lánum þar sem vextirnir voru niðurgreiddir. Fyrirmyndin var sótt til Hollands að sögn Stefáns Jóns Hafsteins sem á þessum árum var formaður Menningarmálanefndar Reykjavíkur.⁸¹ Þar er sérstakur opinber sjóður, Mondriaan, sem tekur að sér að greiða vexti af lánum sem notuð eru til að aðstoða almenning við kaup á listaverkum í galleríum. Talið er að sjóðurinn hafi hleypt miklu lífi í myndlistarmarkaðinn þar í landi.⁸² Lánin hér á landi áttu að standa almenningi til boða í þrjú ár og var því um tilraunaverkefni að ræða. Að sögn Stefáns þótti mikilvægt að galleriin fengju að dafna, viðskipti myndu aukast og faglegt traust skapast í stefnumóti kaupenda, listamanna og umboðsmanna þeirra. Þau áttu að standa almenningi til boða í þrjú ár og aðstoða bæði myndlistarmenn og gallerí við að hleypa lífi í listaverkamarkaðinn sem þá var í lögð.

Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar fjármagnaði niðurgreiðslu vaxta með föstu framlagi í sjóð sem var í vörslu KB banka en gallerí, myndlistarmenn og bankinn veittu afslátt af þóknun sinni í sama skyni. KB banki og Reykjavíkurborg skuldbundu sig til að leggja fram 1 milljón króna á ári hvor í 3 ár, árin 2004, 2005 og 2006, til að standa straum af helmingi affalla skuldabréfanna. Gallerí og listamenn gáfu síðan afslátt sem nam sömu fjárhæð til að standa straum af hinum helmingi affalla skuldabréfanna.

Listaverkin sem veitt er lán fyrir verða að vera eftir lifandi listamenn en þjóðerni þeirra skiptir ekki máli. Einungis er um að ræða frumsölu verka og mega verkin ekki vera eldri en 60 ára við kaup. Útborgun er að lágmarki 10% af verði listaverks, lánstíminn að hámarki þrjú ár en hægt er að greiða lánið upp hvenær sem er. Þá mega lántakendur ekki vera yngri en 18 ára. Í ágústlok 2006 var sjóðurinn uppurinn og þá höfðu 413 listmunalán verið veitt frá undirritun samkomulagsins. Lánin voru frá kr. 36.000,- upp að kr. 600.000,- og flest þeirra til 36 mán. Alls hafði verið lánað fyrir kr. 87.912.265 og lítið sem ekkert var í vanskilum af þessum lánum.⁸³

Ekki náðu KB banki og Reykjavíkurborg að halda samstarfinu áfram og kom hlé á lánveitingarnar frá ágúst 2006 fram í mars 2007 þegar Reykjavíkurborg og SPRON gerðu samskonar samkomulag.

⁸¹ Stefán Jón Hafstein. http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=813732 sótt 30. maí 2007.

⁸² Tinna Gunnlaugsdóttir. http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=602456 sótt 30. maí 2007.


⁸³ Signý Pálsdóttir munnleg heimild.



Þau gallerí sem eru aðilar að myndlistarlánunum eru: Gallerí Art-Iceland.com, Gallerí Anima, Gallerí Fold, Gallerí Fold Kringlunni, Gallerí i8, Gallerí List, Gallerí Reykjavík, Gallerí Smíðar og Skart ehf., Gallerí Turpentine, Kling og Bang Gallerí, Listamenn ehf, Smíðjan Listhús og Start Art.

Samkomulagið kveður á um að kaupendur þurfi að greiða minnst 10% kaupverðs í útborgun en geti fengið 90% kaupverðs lánað til allt að þriggja ára. Lánsfjárhæð má þó ekki vera lægri en kr. 36.000,- ne hærri en kr. 600.000,-.

Afföllin eru samkvæmt kjörum skuldabréfa, svokallaðir kjörvextir. Dæmi um listaverkalán gæti verið kaup á málverki fyrir kr. 200.000,-. Í þessu tilbúna dæmi eru kjörvextir 8,90%, lántökugjald 1% og greiðist af lántaka ásamt kostnaði við skjalagerð.



Galleríið fær kr. 159.500,- og skiptir kostnaðinum, kr. 20.500,-, á milli sín og listamannins áður en endanlegt skilaverð er greitt til hans.

Listamaðurinn ber því fjórðung affallanna sem eru þá í formi lækkaðs verðs á listmuninum.



6. Stuðningur við menningu

Á Íslandi þurfa einstakir listamenn í raun að stofna um sig fyrirtæki ef þeir ætla að njóta einhverra hlunninda eða fá afslátt vegna atvinnutækja og umfangs starfs síns.

Víða um heim er við líði ríkisaðstoð við listir og menningu og þá oft á tíðum í formi skattaívilnana og má nefna Bandaríkin í því tifelli.⁸⁴ Skattaumhverfi fyrirtækja gagnvart stuðningi við listir og listamenn er misjafnt eftir löndum .

Fyrirtækjum hér á landi er heimilt að bókfæra einstakar gjafir eða framlög til menningarmála sem kostnað en hann má þó ekki vera hærri en 0,5% af tekjum.⁸⁵

Til samanburðar er þessi tala 2% á Ítalíu og hámarksfrádráttur vegna þessa í Kanada er bundið við 20% af hagnaði.⁸⁶

Nokkuð ljóst er að skiptar skoðanir eru meðal manna hvort hið opinbera eigi að styrkja listamenn og þá með hvaða hætti. Er hinn opinberi stuðningur í meira mæli að verða til í gegnum skattkerfið og einnig með frekari verndun höfundarréttar. Margur listamaðurinn hefur í raun óbeit á orðinu „styrkur“ í þessu sambandi, því um sé um að ræða viðskipti þar sem þeir aðilar sem að viðskiptunum koma hagnist hver með sínum hætti.

Í bók sinni Hagræn áhrif tónlistar bendir Ágúst Einarsson á að samkvæmt menningarhagfræðinni hafi listsköpun þá sérstöðu að framleiðniaukning sé ekki sú sama og í öðrum atvinnugreinum. Telur hann brýnt að breyta skattalöggjöf til að efla menningarstarfsemi og væri sú leið ákjósanleg að heimila fyrirtækjum að draga frá tekjum sínum framlög til menningar og vísinda með tilteknu álagi. Æ fleiri raddir heyrast sem telja þetta leið til framfara. Þessi aðferð hefur verið reynd víða um heim og gefist vel. Með slíku væri verið að tengja saman menningar- og viðskiptalíf, báðum aðilum til heilla. Ríkisvaldið fær auknar skattatekjur til baka því umsvif ykjast. Fagfélög í lista og menningarlífi Íslendinga taka undir þessi sjónarmið.⁸⁷ Framlag menningar til verðmætasköpunar héraendis er um 4% sem er umtalsvert í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Því má halda fram að verðmætasköpun menningar sé vanmetin í íslensku samfélagi. Frumkvöðlar eru algengir innan menningargeirans sem er gríðarlega mikilvægt.

Auknar fjárfestingar í grunngerð menningar, t.d. með aukinni listkennslu í skólum, stofnun sérstaks menningarráðuneytis og breytingar á skattkerfi eru allt aðgerðir sem ættu að stuðla að betri og virtari menningarmarkaði.

⁸⁴ Sótt á vef The Art Newspaper 29.maí 2007 www.theartnewspaper.com.

⁸⁵ Sjá reglugerð nr. 41/1999.

⁸⁶ Di Maggio, Paul J. (1986) Bls 322.

⁸⁷ Ágúst Einarsson. (2007). *Greinasafn, fyrra bindi*. Bls 407.



6.1. Stuðningur einkaaðila

Listamenn hafa í gegnum tíðina oft átt sína velgjörðarmenn í röðum einkaaðila. Í því sambandi má nefna Ragnar Jónsson í Smára og Þorvald Guðmundsson í Síld og fiski. Slíkur stuðningur fjársterkra einstaklinga er oft í formi sjóða með eða án skilyrða, en slík framlög auðga samfélagið.

Vissulega er misjafnt hvað liggur að baki stuðnings einkaaðila og fyrirtækja við menningarlífið en mörg fyrirtæki telja styrkina efla ímynd sína. Sjá má í ársskýrslum stærstu fyrirtækja hérlendis að framlög til menningarstarfsemi hafa aukist mikið. Mörg fyrirtæki og einkaaðilar vinna markvisst að því að fá jákvæða ímynd úti í samfélaginu og eru mjög iðinn að styðja menningu og félagsleg málefni á ýmsum sviðum. Þau leggja mikla áherslu á gagnkvæmt samstarf. Því hefur samfélagsleg ábyrgð fengið aukið vægi í markaðsstarfi margra fyrirtækja. Mikill vöxtur, aukin arðsemi og efling fyrirtækja skiptir þar miklu máli. Jafnframt telja margir, til dæmis stjórnendur bankanna, að framlög til menningarstarfsemi auki virði vörumerkis fyrirtækjanna.⁸⁸

Í blaðgrein í Morgunblaðinu⁸⁹ segir Vilhjálmur Bjarnason, áhugamaður um myndlistarmarkaðinn og aðjúnkt við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, þegar hann er spurður um myndlist sem fjárfestingarkost;

„Markaðurinn hefur farið í gegnum ýmsar hremmingar, ekki síst fölsunarmálin sem hafði töluverð áhrif á verðlagningu myndverka og áhuga kaupenda. Margir tala reyndar um kaup á myndverkum sem fjárfestingu, en ég dreg það nú í efa vegna þess að samkvæmt hefðbundnum mælikvarða fjárfestinga þá er hægt að áætla fjárstrauma eigna í framtíðinni, en það er ekki hægt með listaverk. Vissulega er hægt að selja verk aftur og góð listaverk halda verðgildi sínu, en maður fórnar hins vegar ávallt arðinum af þeim. Þegar þú t.d. kaupir skuldabréf þá gefa þau ákveðnar framtíðargreiðslur, en listaverk gefa ekki af sér neinar framtíðargreiðslur nema ef verkin eru seld. Listaverk eru hins vegar varanleg neysluvara sem valdið geta mikilli ánægju og umfjöllun um ókomin ár.“

Á seinni árum hafa orðið miklar breytingar á viðskiptaumhverfi hér á landi eins og víða um heim. Frelsi hefur aukist og meira er um stór og mjög fjárhagslega stöndug fyrirtæki. Það þykir ljóst að fyrirtæki hafa áhrif á mannlegt samfélag og náttúru og krafa um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hefur verið háværi í kjölfar þessara breytinga.

„Skapandi kraftur í menningarlífi hefur áhrif á sköpunarkraft í atvinnulífi. Frumkvöðlar í viðskiptum og listamenn eiga því samleið. Athafnafólk í atvinnulífi og menningarlífi hafa gagnkvæman hag af samstarfi. Menning og listir skapa hugmyndir og opna viðskiptatækifæri, viðskiptalífið styður listina með því að leggja til fjármuni, fjárfestingarfé - og hvatningu. Þá getur menning verið hrein uppspretta viðskipta eins og allir þekkja með frjórri hugsun og nýsköpun.“⁹⁰

⁸⁸ Magnús Óskar Hafsteinsson. (2005). *Viðskiptabankarnir og framlög þeirra til menningarstarfsemi*.

⁸⁹ Sótt á vef Morgunblaðsins þann 4.júní 2007 http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=792582,

⁹⁰ Halldór Jón Kristjánsson http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1043870 sótt á vef Morgunblaðsins 4.júní2007




7. Umfang myndlistarlána

Skýrsluhöfundar leituðu eftir upplýsingum hjá Galleríi Fold og þeim bönkum sem veitt hafa myndlistarlán á árunum 2004-2007.

Mvnd 5


Þeir bankar sem hafa veitt myndlistarlán er KB banki (sem nú heitir Kaupþing), Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON), Sparisjóður Kópavogs (SPK) og Sparisjóður Norðlendinga (SPNOR). KB banki veitti myndlistarlán á árunum 2004, 2005 og fram í ágúst



2006 en þá varð hlé á lánveitingum þar sem sjóðurinn kláraðist. Reykjavíkurborg hóf síðan samstarf við SPRON í mars 2007 um myndlistarlán eftir að samkomulag náðist ekki við Kaupþing um áframhaldandi samstarf.

Mvnd 6

Kópavogsbær og SPK hófu samstarf um myndlistarlán árið 2005 og sama ár hófu SPNOR og Akureyrarbær einnig samstarf um lánveitingu til myndlistarkaupa sem veitt eru kaupendum í galleríum í þeim bæjarfélögum.




Samkvæmt þeim upplýsingum sem skýrsluhöfundar hafa aflað sér hafði KB banki lánað fyrir 87.912.265 krónur í 418 lánnum. Á þessu tímabili voru afföll skuldabréfanna 12 milljónir

Mvnd 7

króna sem skiptust á milli fjögurra aðila. Út frá því má leiða að afföll bréfanna hafi numið 13,65% á þessu þriggja ára tímabili.

Fjöldi kvenlántakenda var 203 og karlar voru 215 á tímabilinu. Lægsta myndlistarlánið sem veitt var á þessum árum var kr. 36.000 og hæsta upphæð sem veitt var 600.000 krónur en það er




hámarksupphæð lánanna. Mynd 5 sýnir kynjaskiptinu lántakenda í bönkunum. Fróðlegt er að

sjá að konur eru í meirihluta þeirra sem taka myndlistarlán en þær virðast taka lán fyrir lægri upphæðum en karlar.

Mynd 6 sýnir hvernig meðallánsfjárhæð skiptist á milli bankana og mynd 7 sýnir fjölda lána á milli bankana.

Á árunum 2004-2006 seldi Gallerí Fold 151 verk á lána kjörum, þarf af 91 til kvenna og 60 til karla. Heildarupphæð lána var kr. 27.286.239 Meirihluti lántakendana greiddi 10% útborgun og fékk þar af leiðandi 90% að láni. Af þessum tölum má ráða að 25,9% lántakenda hafi keypt listaverk hjá Galleríi Fold. Þar með er hægt að álykta að heildarmarkaður myndlistargallería á þessum árum sé að meðaltali kr. 695.700.251 á ári reiknað út frá veltu Gallerís Foldar á sama tímabili og er þá gengið út frá því að hlutfall verka sem ekki eru keypt með myndlistarlánum sé alls staðar það sama. Þetta hlutfall má sjá á mynd 8.

Mvnd 8





8. Niðurstöður

Áhrif styrkja á menningu hafa verið rannsökuð bæði hér á landi og erlendis. Ekki hefur verið rannsakað hvernig lánsveitingar hafa áhrif á menninguna og þá aðila sem tengjast henni. Í ljósi þess að myndlistarlán hafa verið á boðstólum síðan 2004 þótti vert að rannsaka hver áhrif þeirra væri.

Var því leitast við að svara rannsóknarspurningunni:

„Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?“

Til að svara spurningunni leituðu skýrsluhöfundar eftir upplýsingum frá þeim bönkum sem hafa veitt myndlistarlán, til Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og til Gallerís Foldar sem afgreitt hefur um það bil fjórðung myndlistarlánanna.

Niðurstöður sýndu að áhrif þessara lána virkuðu söluhvetjandi þar sem listamenn selja fleiri verk eftir að lánin byrjuðu heldur en áður. Einnig er greinileg aukning á sölu á meðan að hlé var á lánveitningu og sýnir það að mati skýrsluhöfunda að lánin hafi glætt lífi í listaverkasöluna. Það er einnig mat skýrsluhöfunda að aðrir þættir svo sem almennur aukinn kaupmáttur og aukin umræða um myndlist hafi einnig hafa stuðlað að aukinni sölu. Þá er ótalið endurvakið traust neytenda á listaverkamarkaðinn eftir lok fölsunarmálsins.

Hagrænu áhrifin á sveitarfélögin eru einkum þau að eftir því sem listamenn selja fleiri listaverk verða margfeldisáhrifin meiri, tekjur koma til sveitarfélagsins og útsvarstofninn stækkar. Áhrif á bankanna er þó einkum með því móti að með hverjum lántakenda aukast líkurnar á nýjum viðskiptavinum og mögulega bætt ímynd sína.

Erfiðara er að mæla hagrænu áhrifin hjá listamönnum þar sem þeir halda ekki nákvæmt bókhald yfir seld verk. Hvort aukin sala getur haft áhrif á sköpunargáfuna er illmælanlegt og erfitt getur verið að mæla gæði verka. Ljóst er þó að meiri sala á listaverkum eykur tekjur þeirra og hefur þar af leiðandi jákvæð hagræn áhrif.

Okkar niðurstaða er sú að myndlistarlán hafa jákvæð hagræn áhrif á aðila myndlistarmarkaðinn þó einkum á listaverkasöluna.



9. Heimildarskrá

9.1. Ritaðar heimildir.

Ágúst Einarsson. (2007). *Greinasafn, fyrra bindi*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Ágúst Einarsson. (2004). *Hagræn áhrif tónlistar*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Bazin, Germain. (1958). *A Concise History of Art*. London: Thames and Hudson.

Di Maggio, Paul J. (1986). *Nonprofit Enterprise in The Arts*. New York: Oxford University Press, USA.

Frey, B.S. og Pommerehne, W.W. (1989). *Muses and markets: explorations in the economics of the arts*. London: Basil Blackwell Ltd,

Gallerí Fold. (2007). *Uppboðsskrá nr. 34* Reykjavík: Gallerí Fold

Gimpel, R. (1986). *Diary of an Art Dealer*. London: Hamish Hamilton Ltd.

Heilbrun, J. og Grey, C.M. (2001). *The Economics of Art and Culture*. Cambridge University Press.

Jóhann Ágúst Hansen. (2005). *Samanburður á höfundaréttargjöldum í Evrópu*. Reykjavík :Gallerí Fold.

Jóhanna Margrét Ólafsdóttir. (2005). *Á ég að gæta að menningunni? Óbirt BA- ritgerð*: Háskóli Íslands í Reykjavík.

Magnús Óskar Hafsteinsson.(2005) *Viðskiptabankarnir og framlög þeirra til menningarstarfsemi*. Skýrsla / ritgerð: Nýsköpunarsjóður námsmanna, Reykjavík

Makinw, N.G. og Taylor, M.P. (2006). *Economics*. Bretland: Thompson

Pommerehne, W.W. og Frey, Bruno S. (1989). *Muses and Markets, Explorations in the Economics of the Arts*. Oxford; Basic Blackwell

Shubik, M.; Engelbrecht-Wiggings, R. Og Stark, R.(1983). *Auctions, bidding and Markets: An Historical Sketch*. NY: New York University Press

Smith, Adam. (1776). Þýðing: Þorbergur Þórsson. *Rannsókn á eðli og orsökum auðlegðar þjóðanna*. Reykjavík: Bókfélagið

Towse, R. Inrtoduction . Í R. Towse (ritstj), *A handbook of Cultural Economics*. Edward Elgar Publishing. Cheltenham 2003



9.2. Vefheimildir

Artótek. Sótt þann 28. maí 2007 af <http://www.sim.is/Index/Islenka/Artotek/>

Artótek. Sótt þann 29. maí 2007 af <http://www.sim.is/Index/Islenka/Pistlar/Lesapistil/?NewsID=186>

Artótekið áfram í Borgarbókasafni. Sótt þann 28. maí 2007 http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1145235/

Caslon Analytics profile droit de suite. Sótt þann 4. Júní 2007. <http://www.caslon.com.au/droitprofile.htm#history>

Halldór Jón Kristjánsson. (2005) *Viðskipti og menning* Sótt 4. júní 2007 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1043870.

Helgi Snær Sigurðsson. Sótt á vef Morgunblaðsins þann 2. júní 2007 http://mbl.is/mm/frettir/serefni/listir_2006/listir_sala.html.

Jóhann Ágúst Hansen. 2007. *Íslenska listaverkavísitalan 1985-2006.* Sótt þann 29.maí.2007 af www.ilv.is.

Listasafn Íslands. *Saga og starfsemi Listasafns Íslands.* Sótt á vef þann 4. Júní 2007. <http://www listasafn.is/?expand=-48&i=48>.

M5. Sótt þann 29. maí 2007 af <http://www.m5.is/?gluggi=frodleikur&innrigluggi=skilgreiningar#V>

Starfsáætlun 2006 Opinn hugur – opin hús. Sótt 20. maí 2007 af vef http://www.reykjavik.is/PortalData/1/Resources//skjol/svid/menninga_og_ferdamalasvid/pdf/skjol/starfsaaetlanir/2006_Starfs%C3%A1%C3%A6tlun_Lei%C3%B0r%C3%A9tt_L%C3%A1g_upplausn.pdf

Sala á íslenskri samtímamyndlist. Sótt 29. maí 2007 af http://mbl.is/mm/frettir/serefni/listir_2006/listir_sala.html

Stefán Jón Hafstein. (2004). *Vaxtalaus lán til myndlistarkaupa.* Sótt 30. maí 2007 af http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=813732

Tinna Gunnlaugsdóttir. (2001). *Af menningarráðstefnu í Visby á Gotlandi.* Sótt 30. maí 2007 af http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=602456

US arts funding in crisis. Sótt 29. maí 2007 af www.theartnewpaper.com,

Vilhjálmur Bjarnason. (2004) *Myndlistin og markaðurinn* Sótt 4. júní 2007 http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=792582

Vísindavefurinn. Sótt 24. maí 2007 af www.visindavefurinn.is



9.3. Tímaritsgreinar

Ashenfelter, Orley. 1989. How Auctions Work for Wine and Art. *Journal of Economic Perspectives*. Sumar (3), 23-36.

Börkur Gunnarsson. (11. maí 2007). Í samfélagi allra listgreina. *Viðskiptablaðið*. Bls 17-18

Marc Spiegler. (Maí 2007). The problem with art advisors. *The Art Newspaper* Nr. 180 bls 52

McAfee, R. P. og McMillan, J. Júní 1987. *Auctions and Bidding*. Journal of Economic Literature. Vol. XXV,

Trausti Hafsteinsson. (25.-28. maí 2007). 11 lögfræðingar fyrir hvern tannlækni, *DV*. Bls 10-11

9.4. Lög og reglugerðir

Lög um höfundarrétt nr. 73/1972.

Lög um menningarsjóð nr. 7/1928.

Lög um verslunaratvinnu nr. 117/2005

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c1f245d0-8b26-44a1-90cb-b457d457ea2d> .

Reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi nr. 41/1999.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB, frá 27. september 2001, um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

Þingskjal 690 — 463. mál. Sótt á vef þann 4. Júní 2007.

<http://www.althingi.is/altext/132/s/0690.html>.



Viðaukar

Efnisyfirlit

Viðaukar	1
Efnisyfirlit.....	1
Viðauki 1.....	2
Umsókn um leigu hjá Artóteki – listhlöðu	2
Viðauki 2.....	6
Samkomulag um lán til almennings vegna kaupa á listmunum.	6
Viðauki 3.....	12
Dæmi um leigu eða kaup á listaverki hjá Artóteki - Listhlöðu.....	12
Viðauki 5.....	13
Samningur Borgarbókasafns Reykjavíkur og Sambands íslenskra myndlistarmanna um Artótek....	13
Viðauki 6.....	15
Samanburður skuldabréfs og innláns.....	15
Viðauki 7.....	16
Útfærsla línulegrar aðhvarfsgreiningar í kafla 3.4.....	16



Viðauki 1

Umsókn um leigu hjá Artóteki – listhlöðu



Artótek - Listhlaða í Borgarbókasafni

Samvinnuverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og Sambands íslenskra myndlistarmanna

Samningur milli lánþega og Artóteks (f.h. listamanns)

um listaverkalán (-leigu, -sölu)

Nánþegi Nafn _____

Heimilisfang _____

Kennitala _____ Sími/-ar _____

Netfang _____

Listaverk Nafn höfundar _____

Titill verks _____ Ár _____

Tækni _____ Upplag _____

Söluverð _____ Skráningarnr. _____

Sérstök skilyrði listamanns (fyrir utan að ekki megi flytja verk úr landi sbr. 5. grein reglna)

Greiðslur 1. greiðsla _____

Mánaðarleg greiðsla _____

Mánaðarleg greiðsla er greidd með greiðsluseðlum

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



Síðasti skiladagur hvers tímabils _____

Verki skilað Dags. _____ Kvittun starfsm. _____

Verk keypt og greitt að fullu Dags. _____ Kvittun starfsm. _____

Undirrituð/-aður hef/-ur kynnt sér reglur (sjá bakhlið þessa samnings) sem gilda um listaverkalán og -kaup og mun fylgja þeim í hvívetna.

Undirrituð/-aður mun kosta viðgerð á verki verði það fyrir skaða á leigutímanum (sbr. 10 gr. reglna).

Rísi mál út af samningi þessum skal það höfðað fyrir héraðsdómi Reykjavíkur

Reykjavík, _____

Dags.

Undirskrift lánþega/kaupanda

Starfsmaður Artóteks f.h. listamanns

Samningur þessi er gerður í tvíriti ½

Artótek - Listhlaða í Borgarbókasafni

Samvinnuverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og Sambands íslenskra myndlistarmanna

Reglur um listaverkalán (-leigu, -sölu)

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



Með samningi þessum (sjá framhlið blaðsins) skuldbindur lánþegi sig til að fylgja eftirfarandi reglum Artóteksins:

1. Lánþegi skal vera orðinn fjárráða og sýni gild persónuskilríki við undirritun samnings. Lánþegi veitir Artótekinu nauðsynlegar persónulegar upplýsingar (fullt nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang) og tilkynnir um breytingar sem á þeim kunna að verða.
2. Grunnlánstími og lágmarkslánstími er mánuður (ásamt broti úr mánuði í fyrsta skipti þegar verk er tekið að láni) en hámarkslánstími er 36 mánuðir. Við afhendingu verks er eitt tímabil greitt fyrirfram. Grunnlánstímabil eru tvö og hefjast þau annað hvort 1. eða 16. hvers mánaðar og standa í mánuð. Á hvoru tímabili listaverkalán lendir, ræðst af því hvenær í mánuðinum lánþegi tekur verkið að láni. Síðasti skiladagur fyrra tímabilsins (sem hefst 1. dag mánaðarins) er síðasti dagur mánaðarins en 15. dagur mánaðar í því seinna. Verki skal skilað til Artóteksins fyrir eða í síðasta lagi síðasta skiladag þ.e. annaðhvort 15. eða síðasta dag mánaðarins. Gjaldddagi fyrra tímabils er 1. dagur mánaðarins og eindagi 14. sama mánaðar. Gjaldddagi síðara tímabils er 15. dagur mánaðarins og eindagi 28. sama mánaðar. Sömu gjalddagar og eindagar eru þegar um kaup er að ræða. Greiðsluseðlar eru sendir út í byrjun hvers tímabils. Vangreiddir greiðsluseðlar fara í innheimtu strax eftir eindaga.
3. Samningur telst framlengdur skili lánþegi verki ekki á síðasta skiladegi eða fyrr (sjá framhlið blaðsins).
4. Leigugjald er háð söluverði verks. Sölu- og leiguverð er alltaf í þúsundum króna. Gjaldskrá miðast við að mánaðarleiga sé að hámarki 1/36 hluti söluverðs (að viðbættu seðilgjaldi). Mánaðarleiga er þó aldrei hvorki lægri en 1000 kr. né hærrí en 10.000 kr. (að viðbættu seðilgjaldi).

Söluverð verks:	Leiga á mánuði (án seðilgjalds):
> 36.000 kr.	1.000 kr.
37.000-72.000 kr.	2.000 kr.
73.000-108.000 kr.	3.000 kr.
109.000-144.000 kr.	4.000 kr.
145.000-180.000 kr.	5.000 kr.
181.000-216.000 kr.	6.000 kr.
217.000-252.000 kr.	7.000 kr.
253.000-288.000 kr.	8.000 kr.
289.000-324.000 kr.	9.000 kr.
325.000 >	10.000 kr.

5. Listaverkið telst eign listamannsins meðan á lánstíma stendur eða þar til söluverð hefur verið greitt að fullu. Hann getur því sett takmarkanir eða skilyrði fyrir leigu þess sem kæmu þá fram í samningi við lánþega. Óheimilt er að flytja listaverk í láni úr landi nema með sérstöku leyfi listamannsins.

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



6. Óski lánþegi eftir að rífta samningi við Artótekið skal hann hafa greitt alla gjaldfallna leigu.
7. Óski lánþegi eftir að kaupa verk sem hann hefur haft á leigu skulu allar leigugreiðslur sem hann hefur þegar innt af hendi dragast frá söluverði verks. Einnig er hægt að kaupa verk beint án samnings.
8. Ef listaverki er ekki skilað inn á seinasta skiladegi tímabilsins eða fyrr ber lánþega að greiða leigu fyrir næsta lánstímabil. Artótekið áskilur sér rétt til að krefjast þess að verki sé skilað tafarlaust sé ekki staðið við greiðslur.
9. Óinnrammaðar teikningar og grafíkverk eru eingöngu til sölu en afborgunargreiðslum má haga samkvæmt ofangreindum leiguskilmálum.
10. Lánþegi ber fulla ábyrgð á og greiðir allan skaða sem verk verður fyrir á lánstímanum. Verki skal skila í sömu eða sambærilegum umbúðum og það var lánað í. Þegar verki er skilað það skoðað af starfsmanni Artóteksins og hugsanlegar skemmdir metnar. Getur lánþegi þá annaðhvort keypt verkið eða greitt fyrir viðgerð.

2/2



Viðauki 2

Samkomulag um lán til almennings vegna kaupa á listmunum.

Undirritaðir aðilar, Skrifstofa menningarmála Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 7, Reykjavík, kt. 530269-7609 f.h. menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar og KB banki hf., Austurstræti 5, Reykjavík kt. 560882-0419, gera með sér svohljóðandi

SAMKOMULAG

um lán til almennings vegna kaupa á listmunum.

1. gr.

Meginefni samkomulagsins

Um er að ræða vaxtalaus lán sem munu standa almenningi til boða næstu þrjú árin og eru lánin ætluð til kaupa á listaverkum frá galleríum. Vaxtagreiðslurnar verða fjármagnaðar með framlagi frá Menningarmálanefnd Reykjavíkur, KB banka hf., galleríum og listamönnum. Til að standa straum af sínum hluta af vaxtagreiðslunum munu Menningarmálanefnd Reykjavíkur og KB banki hf. hvor um sig leggja ákveðna fjárhæð á ári í sjóð sem stofnaður verður á reikningi KB banka hf.

2. gr.

Skyldur Reykjavíkurborgar

Menningarmálanefnd Reykjavíkur, f.h. Reykjavíkurborgar, skuldbindur sig til að leggja kr. 1.000.000 á ári, næstu 3 árin, í sjóð til að standa straum af $\frac{1}{4}$ (einum fjórða) af afföllum skuldabréfa vegna kaupa almennings á listmunum.

3. gr.

Skyldur KB banka hf.

1. KB banki hf. skuldbindur sig til að leggja kr. 1.000.000 á ári, næstu 3 árin, í sjóð til að standa straum af $\frac{1}{4}$ (einum fjórða) af afföllum skuldabréfa vegna kaupa almennings á listmunum.
2. KB banki hf. kaupir umrædd skuldabréf með afföllum skv. kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfa á hverjum tíma (sjá 4. gr.).
3. KB banki hf. skuldbindur sig til að veita helmingsafslátt á lántökugjaldi.
4. KB banki hf. skuldbindur sig til að bera útlánaáhættu vegna kaupa á skuldabréfum.
5. KB banki hf. tekur að sér að hanna og útbúa sérstakt útlit skuldabréfa.
6. KB banki hf. tekur að sér umsjón með fjárframlagi samningsaðila.

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



4. gr.

Forsendur og skilyrði lánveitingar

Sjá Viðauka I með samningi þessum.

5. gr.

Samstarfsaðilar að samkomulagi um vaxtalaus lán

Samstarfsaðilar að samkomulagi um vaxtalaus lán til almennings vegna kaupa á listaverkum eru:

Gallerí í Reykjavíkurborg með undirrituðu samþykki forsvarsmanna þeirra. Sjá nánar Viðauka II með samningi þessum.

Einstakir listamenn á vegum áðurnefndra gallería með skriflegu samþykki hvers og eins er að sölu kemur.

6. gr.

Skipting affalla.

Sjá Viðauka II með samningi þessum.

7. gr.

Gildistími samnings

Samningur þessi tekur gildi 18. ágúst 2004 og er gildistími 3 ár.

8. gr.

Endurskoðun og breytingar

Aðilar samnings þessa áskilja sér rétt til að endurskoða samninginn í heild ef einstök atriði hans breytast eða önnur ástæða þykir til.

Vanefni annar hvor aðili samningsskyldur sínar í heild eða að hluta er hvorum aðila fyrir sig heimilt að rifta samningi þessum. Komi upp vandkvæði varðandi samning þennan skal gera skriflega athugasemd áður en til riftunar kemur.

9. gr.

Ágreiningur samningsaðila

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila. Til staðfestu öllu framangreindu rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.



Reykjavík 18. ágúst 2004

F.h. Reykjavíkurborgar,

F.h KB banka hf.,

Stefán Jón Hafstein,

Sólon Sigurðsson,

formaður menningarmálanefndar

forstjóri KB banka hf.

Reykjavíkur

Vottar:

Nafn

kt.

Nafn

kt.



Viðauki I

Um tilhögun lánveitinga:

- Lánin eru vaxtalaus og keypt með afföllum samkvæmt kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfa, í dag (04.08.2004) 8,90%.
- Lánstími verður að hámarki 3 ár (36 mánuðir).
- Útborgun er 10% af verði listaverks.
- Hægt er að greiða upp lánið hvenær sem er.
- Að öðru leyti gilda almennar reglur KB banka hf. um lánveitingu.

Um skilyrði vegna listaverka:

- Verkin verða að vera eftir lifandi listamenn sem eru aðilar að þessu samkomulagi, sjá Viðauka II.
- Verkin mega ekki vera eldri en 60 ára við kaup.
- Þjóðerni listamanns skiptir ekki máli.
- Einungis er um að ræða frumsölu verka.
- Ef um er að ræða verk í fleiri en einu eintaki gilda sérstakar takmarkanir um fjölda eintaka.
- Lágmarksfjárhæð listmunaláns er kr. 36.000 og hámarksfjárhæð er kr. 600.000. Ef kaupverð er hærra en 600.000 krónur mun kaupandi greiða mismuninn. Til dæmis ef keyptur er listmunur fyrir kr. 1.000.000 þá greiðir kaupandinn kr. 400.000 og tekur lán fyrir kr. 600.000.
- Umsjón með sölunni er í höndum gallerís sem er aðili að þessu samkomulagi, sjá Viðauka II.



Viðauki II

Aðilar samkomulags um vaxtalaus lán til almennings:

KB banki hf. og Menningarmálanefnd Reykjavíkur, í samstarfi við gallerí og listamenn í umræddum galleríum.

Öllum galleríum er heimilt að taka þátt í samstarfi um vaxtalaus lán til almennings.

Listamenn skulu vera félagsmenn í Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM), eða í sambærilegum erlendum fagsamtökum. Forsvarsmenn gallería skulu ganga úr skugga um að sú sé raunin.


Skipting affalla:

- Afföllin skiptast á fjóra eftirtalda aðila,
 - KB banki hf. greiðir ¼
 - Menningarmálanefnd greiðir ¼
 - Gallerí greiðir ¼
 - Listamaður greiðir ¼

Dæmi:


Málverk er keypt á 200.000 kr. Þegar búið er að taka 10% útborgun er lánið upp á 180.000 kr. til þriggja ára. Afföllin eru samkvæmt kjörum skuldabréfa, í dag 8,90%. Lántökugjaldið er 1% og greiðist af lántaka ásamt kostnaði við skjalagerð.

$$180.000 - 139.000 = 41.000 \text{ kr.}$$





Andvirði lánsins er 139.000 kr. Afföll á láninu



Greiðist strax
til Gallerís
(20.500 kr.)

Reiknast sem
afsláttur
(20.500 kr.)

$180.000 - 20.500 = 159.500$ kr. Þannig að Galleríið fær 159.500 kr. og að lokum greiðir Galleríið sinn hluta í formi afsláttis í þóknun og fær þá listamaðurinn lokagreiðslu 169.750 kr.

Listamaðurinn er þá í raun eingöngu að bera $\frac{1}{4}$ af afföllunum sem er þá í formi lækkaðs verðs á listmuninum.

- Þegar lánið er keypt rennur andvirði lánsins beint til gallerísins.
- KB banki hf., Menningarmálanefndin, galleríið og listamaðurinn skipta þannig afföllunum jafnt á milli sín.



Viðauki 3

Dæmi um leigu eða kaup á listaverki hjá Artóteki - Listhlöðu

Artótek – Listhlaða í Borgarbókasafni

Dæmi um leigu eða kaup á listaverki:

Listaverk kostar kr. 100.000.

Mánaðargreiðsla/leiga er þá 3000 kr. á mánuði.

Lánþeginn tekur verkið með heim og greiðir fyrirfram a.m.k. 3000 kr.

Vilji lánþeginn eignast verkið skilar hann því ekki aftur og er honum þá sendur heim 3200 kr greiðsluseðill einu sinni í mánuði. Engir vextir eru greiddir en 200 kr. seðilgjald bætist við. Lánþegi getur lækkað kostnaðinn með því að óska eftir í viðskiptabanka sínum, að greiðsluseðlarnir verði settir í beingreiðslu (rafrænt), þá er gjaldið 120 kr.

Lánþegi eignast með þessu móti listaverkið á rúmum 33 mánuðum.

Einnig getur hann greitt það hraðar (hærri mánaðargreiðslur) og greitt upp hvenær sem er.

Vilji lánþegi skila verkinu aftur þá gerir hann það.

Leigan er þá ekki endurgreidd.



Viðauki 5

Samningur Borgarbókasafns Reykjavíkur og Sambands íslenskra myndlistarmanna um Artótek

Artótek – Listhlaða í Borgarbókasafni Samningur Borgarbókasafns Reykjavíkur og Sambands íslenskra myndlistarmanna

Borgarbókasafn Reykjavíkur og Samband íslenskra myndlistarmanna gera með sér eftirfarandi samning um Artótek:

Almennt um verkefnið

1. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára eða til hausts 2006. Standi verkefnið undir væntingum aðstandenda verður því fram haldið að þeim tíma liðnum.
2. Artótekið verður í húsnæði Borgarbókasafns Reykjavíkur á 1. hæð í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15 og hefur sérstakur verkefnisstjóri umsjón með því.
3. Félagsmenn í Sambandi íslenskra myndlistarmanna leggja Artótekinu til verk. Við afhendingu verks skal myndlistarmaður framvísa gildu félagsskírteini frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Verkin geta verið af ýmsum toga, tvívíð eða þrívíð; málverk, teikningar, grafíkverk, skúlpúrar, myndbönd, ljósmyndir, hljóðverk eða verk unnin með blandaðri tækni en hægt er að hafna verkum t.d. ef þau er sérlega viðkvæm eða lyktarsterk.

Útlán og samningar

4. Verk eru lánuð út en jafnframt er gert ráð fyrir að lánþegi geti fest kaup á verkinu. Lán fer fram með þeim hætti að gerður er samningur við lánþega sem skuldbindur sig til að greiða leigu eða söluverð verksins með mánaðarlegum afborgunum. Óski lánþegi eftir að kaupa verk sem hann hefur haft í láni skulu allar leigugreiðslur sem hann hefur þegar innt af hendi dragast frá söluverði verks.
5. Óinnrömmuð verk eru eingöngu seld en ekki lánuð út, en kaupin geta farið fram með samskonar greiðslufyrirkomulagi og viðhaft er við útlán í Artótekinu.
6. Lágmarkslánstími er einn mánuður og greiðist mánaðarleiga fyrirfram. Lánþegi sem hefur staðið í skilum hefur skilyrðislausan rétt til að framlengja lán. Hámarkslánstími eru 36 mánuðir. Hafi lánþegi ekki greitt söluverð verksins að fullu að þeim tíma liðnum á hann forkaupsrétt á verkinu og dregst þá greidd leiga frá söluverði verksins. Hafi lánþegi greitt leigu sem nemur samtals söluverði verksins telst verkið hans eign og fær hann kvittun fyrir greiddu söluverði. Hægt er að kaupa verk strax, með samskonar afborgunum og fyrirkomulagi eins og þegar verk er lánað/leigt. Einnig er hægt að kaupa verk beint án samnings.
7. Lánþegi getur rift samningnum þegar honum hentar en leigan er aldrei afturkræf.
8. Listamaður getur því aðeins rift samningi að lánþegi standi ekki í skilum og annast þá Artótekið innheimtu verksins og riftun samningsins fyrir hans hönd.

Greiðslur



9. Listamaður ákveður söluverð (og þar með leigugjald) verka sinna. Verkefnisstjóri Artóteks og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra myndlistarmanna geta takmarkað stærð (vegna húsnæðis) og söluverð (vegna tryggingagreiðslna) þeirra verka sem fá inni í Artótekinu.
10. 70% af leigugreiðslum/söluverði renna til höfundarins/listamannsins en 30% til umsýslu. Sá hundraðshluti (30%) er við það miðaður að enginn tekjuafgangur myndist og má breyta honum með tilliti til þess og breytist hundraðshluti listamannsins þá í samræmi við það. Höfundur verks í útláni fær mánaðarlegar greiðslur frá Artótekinu.

Ábyrgð og tryggingar

11. Verkin eru tryggð á meðan þau eru inni í Artótekinu með sameiginlegri tryggingu sem tekin er í nafni Sambands íslenskra myndlistarmanna. Tryggingin er almenn bruna- vatns- og innbrotstrygging og bætir ekki tjón vegna skemmda sem kunna verða á verkunum né heldur ef þeim er stolið. Verk í útláni er á ábyrgð lánþega.
12. Við undirritun samnings gengur lánþegi í fulla ábyrgð á verkinu í samræmi við reglur sem gilda um Artótekið og birtar eru á bakhlið samningsins en þar kemur fram að skemmist verk í útláni beri lánþega að greiða skaðann. Hefur lánþegi þá um það að velja að kaupa verkið eða skila því og greiða að fullu fyrir viðgerð verksins.
13. Óheimilt er að flytja listaverk í láni úr landi nema með sérstöku leyfi listamannsins.
14. Listamaður sér sjálfur um flutning verka til og frá Artótekinu í umbúðum sem verja verkið í flutningi. Verkið verður lánað út í sömu eða sambærilegum umbúðum.

Umsýsla

15. Þegar verki er skilað inn gengur starfsmaður Artóteksins úr skugga um að verkið sé í jafn góðu lagi og það var þegar það var lánað út. Starfsmaður staðfestir skoðunina með undirskrift á samningnum sem gerður er milli Artóteks og lánþega við upphaf láns.
16. Starfsmaður Artóteksins hefur samband við listamenn í samræmi við eftirspurn eftir verkum þeirra en gert er ráð fyrir að allt að 5 verk listamanns (fer eftir stærð) geti verið inni í Artótekinu á hverjum tíma. Verk sem ekki lánast út á 6 mánuðum ber listamanni að taka til baka.
17. Heimilt er án greiðslna að nota myndir af verkum þeirra sem taka þátt í Artótekinu í hvers konar kynningarefni um starfsemina.
18. Verkefnisstjóri sér um allt bókhald og skráningu listaverkanna. Safnkostur Artóteksins verður skráður í gagnagrunni sem er aðgengilegur á Netinu.
19. Hætti Artótekið starfsemi gefst lánþegum kostur á að kaupa verkin af listamanninum á sömu kjörum og gilda í Artótekinu.
20. Samningur þessi er uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 18. ágúst 2004

Anna Torfadóttir, borgarbókaforráðgjafi

Áslaug Thorlacius, formaður

f. h. Borgarbókasafns Reykjavíkur

f.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



Viðauki 6

Samanburður skuldabréfs og innláns

Fjárhæð lögð til hlíðar og tekið af henni mán. lega til greiðslu skuldabréfs.

Forsendur							
Málverkakaup:	Upphafsfjárhæð sparnaðar:			439.400			
-16,90%	Vaxtaþrósentu			11,85% Eðaldeb.reikn. Sparisjóðanna. 0,9875% pr. mán.			
Listaverkaverð:	500.000						
Útborgun	10%	50.000		Aunnir innlánsvextir			
Heildarlánsfjárhæð:	450.000			Vextir T1	40.642	4.064	36.578
Lántökugjald	1%	4.500		Vextir T2	30.887	3.089	27.799
Stimpilgjald	0,50%	2.250		Vextir T3	15.624	1.562	14.062
Útlagður kostnaður	3.850			Vextir T4	603	60	543
Heildarkostnaður	10.600			Samtals	87.757	8.776	78.981
Skuldabréf				Innlán			
Eftirstöðvar afborgun	Vextir	Gjald	Samtals	Eftirstöðvar	Vextir	Útb.	
450.000	12.500	0	550	439.400	4.339	13.050	feb
437.500	12.500	0	550	426.350	4.210	13.050	mars
425.000	12.500	0	550	413.300	4.081	13.050	apr
412.500	12.500	0	550	400.250	3.952	13.050	mai
400.000	12.500	0	550	387.200	3.824	13.050	júní
387.500	12.500	0	550	374.150	3.695	13.050	júli
375.000	12.500	0	550	361.100	3.566	13.050	ágúst
362.500	12.500	0	550	348.050	3.437	13.050	sept
350.000	12.500	0	550	335.000	3.308	13.050	okt
337.500	12.500	0	550	321.950	3.179	13.050	nóv
325.000	12.500	0	550	308.900	3.050	13.050	des
312.500	12.500	0	550	332.428	3.283	13.050	jan
300.000	12.500	0	550	319.378	3.154	13.050	feb
287.500	12.500	0	550	306.328	3.025	13.050	mars
275.000	12.500	0	550	293.278	2.896	13.050	apr
262.500	12.500	0	550	280.228	2.767	13.050	mai
250.000	12.500	0	550	267.178	2.638	13.050	júní
237.500	12.500	0	550	254.128	2.510	13.050	júlí
225.000	12.500	0	550	241.078	2.381	13.050	ágúst
212.500	12.500	0	550	228.028	2.252	13.050	sept
200.000	12.500	0	550	214.978	2.123	13.050	okt
187.500	12.500	0	550	201.928	1.994	13.050	nóv
175.000	12.500	0	550	188.878	1.865	13.050	des
162.500	12.500	0	550	203.626	2.011	13.050	jan
150.000	12.500	0	550	190.576	1.882	13.050	feb
137.500	12.500	0	550	177.526	1.753	13.050	mars
125.000	12.500	0	550	164.476	1.624	13.050	apríl
112.500	12.500	0	550	151.426	1.495	13.050	maí
100.000	12.500	0	550	138.376	1.366	13.050	júní
87.500	12.500	0	550	125.326	1.238	13.050	júli
75.000	12.500	0	550	112.276	1.109	13.050	ágúst
62.500	12.500	0	550	99.226	980	13.050	sept
50.000	12.500	0	550	86.176	851	13.050	okt
37.500	12.500	0	550	73.126	722	13.050	nóv
25.000	12.500	0	550	60.076	593	13.050	des
12.500	12.500	0	550	61.088	603	13.050	jan
0	450.000	0	19.800	469.800	48.038	87.757	469.800

Heildarkostnaður

30.400

Nettó vextir

78.981

**Jákvæður mismunur
48.581**

Hver eru hagræn áhrif vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins?



Viðauki 7

Útfærsla línulegrar aðhvarfsgreiningar í kafla 3.4

Skýrsluhöfundar skoðuðu sölu sautján listamanna sem hafa boðið verk sín til sölu með þeim skilmálum sem fram koma í samkomulagi um myndlistarlánin. Allir listamennirnir voru með stöðugt framboð á listaverkum á tímabilinu sem skoðað var. Fjögur sjö mánaða tímabil voru skoðuð, tvö þegar myndlistarlánin voru í boði og tvö þegar þau voru ekki í boði. Tímabilin náðu yfir sömu mánuði hvers árs fyrir sig. Sala hvers listamanns var lögð saman, annars vegar á þeim tveim tímabilum sem lánin voru í boði og hins vegar á þeim tveim tímabilum sem lánin voru ekki í boði og einföld aðhvarfsgreining keyrð á þau sautján pör (punkta) sem sjá má í töflunni hér fyrir neðan.

Listamaður	Háð breyta (Y)	Óháð breyta (X)
	Lán ekki í boði	Lán í boði
Listamaður A	16.855.040	14.457.963
Listamaður B	2.972.095	2.660.955
Listamaður C	10.269.900	5.195.900
Listamaður D	2.598.235	1.697.485
Listamaður E	1.917.885	1.481.053
Listamaður F	862.390	998.050
Listamaður G	3.723.745	4.593.422
Listamaður H	1.499.354	819.769
Listamaður I	3.727.500	5.220.290
Listamaður J	2.983.744	2.098.340
Listamaður K	93.500	100.210
Listamaður L	64.395	126.945
Listamaður M	111.690	289.520
Listamaður N	100.310	140.080
Listamaður O	176.300	72.750
Listamaður P	5.308.265	5.596.550
Listamaður Q	1.741.400	1.515.250

Aðhvarfsgreiningin er unnin úr töflunni hér fyrir ofan.

Regression Statistics	
Multiple R	0,951457488
R Square	0,905271351
Adjusted R Square	0,898956108
Standard Error	1380509,985
Observations	17

ANOVA					
	df	SS	MS	F	Significance F
Regression	1	2,73192E+14	2,73192E+14	143,3470279	4,45907E-09
Residual	15	2,85871E+13	1,90581E+12		
Total	16	3,01779E+14			

	Coefficients	Standard Error	t Stat	P-value	Lower 95%	Upper 95%	Lower 95,0%	Upper 95,0%
Intercept	47913,92365	427778,0857	0,112006494	0,91230338	-863873,4784	959701,3257	-863873,4784	959701,3257
Lán í boði	1,151423567	0,096170255	11,97276191	4,45907E-09	0,946441521	1,356405612	0,946441521	1,356405612



Misserisverkefni nemenda Háskólans á Bifröst

Misserisverkefni eru sjálfstæð hópverkefni sem reyna á mun fleiri þætti en venjuleg vikuleg verkefni. Sérstök einkunn er gefin fyrir misserisverkefnin og kemur hún fram sem sjálfstætt námssvið á prófskírteinum. Gert er ráð fyrir að hvert misserisverkefni krefjist að minnsta kosti fjögurra vikna vinnu nemenda. Fyrstu fjórar vikurnar fara í vinnslu verkefnisins en sú fimmta í málsvarnir og endurbætur.

Tilgangur misserisverkefna er margþættur. Þau veita nemendum tækifæri til að dýpka skilning sinn á afmörkuðu sviði og öðlast þannig meiri sérfræðipækkingu en ella. Oft eru misserisverkefni unnin í nánum tengslum við fyrirtæki og stofnanir og veita þau þannig innsýn í viðfangsefni og vandamál atvinnulífsins. Þau undirstrika hvernig hægt er að nota námsefnið til að skoða, skýra og koma með ábendingar eða tillögur til úrbóta. Með þeim læra af aðstæðum á markaði og dýpka skilning á námsefninu. Síðast en ekki síst gegna misserisverkefnin mikilvægu hlutverki við að þjálfa nemendur í að beita viðurkenndum vísindalegum aðferðum við rannsókn eða lausn hagnýtra og fræðilegra viðfangsefna.